


PINGGERÐ
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS
ÍSLANDS



33. ÁRSPING
1993

33. ÁRSÞING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Haldið í Fjölbautarskóla Suðurnesja 8.-9. maí 1993.

SETNING ÞINGS

Kolbeinn Pálsson formaður KKÍ bauð viðstadda velkomna, þar á meðal Ellert B. Schram forseta ÍSÍ og hélt stutta tölu um vöxt og viðgang íþróttarinnar, fjárhagsstöðu KKÍ og verkefnin framundan.

1. KOSNING ÞINGFORSETA

Kolbeinn stakk upp á Kristbirni Albertssyni sem fyrsta þingforseta og bauðst til að taka sjálfur sæti annars þingforseta eins og venja er og var það samþykkt.

Þingforseti, Kristbjörn Albertsson tók við stjórn þingsins og byrjaði á því þakka það traust og þann heiður sem honum var sýndur og sagðist vonast til þess að þingstörf yrðu góð og snurðulaus svo allir gætu farið ánægðir heim.

2. KOSNING ÞINGRITARA

Pétur Hrafn Sigurðsson var kosinn 1. þingritari og Hannes Ragnarsson 2. þingritari.

3. KOSNING FASTRA NEFNDA

Kjörbréfaneftnd:

Helgi Hólm, Ragnar Sigurðsson, Pálmi Sighvatsson.

Fjárhagsneftnd:

Ólafur Rafnsson, Grétar Pálsson, Sturla Jónsson.

Laga og leikreglnanefnd:

Gísli Georgsson, Július Valgeirsson, Ólafur Sigurðsson.

Allsherjarnefnd:

Ingvar Kristinsson, Hannes Ragnarsson, Óttar Bjarnason.

4. SKÝRSLA STJÓRNAR

Kolbeinn Pálsson flutti skýrslu stjórnar: "Mjög viðamikið stárf hefur verið unnið hjá stjórn og nefndum KKÍ á liðnu ári og ég vil þakka viðkomandi aðilum fyrir mjög góð störf." Kolbeinn ræddi einnig ýmis atriði sem koma fram í skýrslu stjórnar og nefnda í Ársskýrslu KKÍ. Kolbeinn kom einnig inná að KKÍ hefði lagt til á FIBA þingi og þingum Norðurlandaþjóðanna að fyrirkomulagi í Evrópukeppni landsliða yrði breytt þannig að hún yrði með svipuðu sniði og í knattspyrnu. P.e.a.s. að dregið yrði í riðla tvær sterkar þjóðir, tvær miðlungspjóðir og tvær veikari þjóðir og leikið yrði heima og heiman. Kolbeinn taldi þetta fyrirkomulag nauðsynlegt fyrir okkur í þeim mikla áhuga sem nú er á körfuknattleik að hægt yrði að fá "alvöru" landsleiki gegn sterkum þjóðum hingað heim. Hann sýrði frá því að

á fundi með Norður og Eystrasaltþjóðum hefði verið rætt um að leggja tillögu þessa efnis fyrir næsta FIBA þing. Norðurlöndin, Eistland og Lettland hefðu samþykkt tillöguna en Litháen hefði viljað staldra við. Kolbeinn þakkaði félögunum, stjórnarmönnum, leikmönnum og dómurum fyrir ánægjulegt samstarf og sagðist vona að framundan væri jafn viðamikið og ánægjulegt ár og það síðasta og að uppgangur iþróttarinnar héldi áfram með sama hætti og á undanfönum árum og framtíðin yrði björt.

Þingforseti þakkaði Kolbeini fyrir skýrsluna og stakk upp á að gjaldkeri flytti einnig sína skýrslu og síðan yrðu umræður um báðar skýrslurnar á eftir ef enginn hreyfði andmælum.

5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA TIL SAMÞYKKΤΑR

Ólafur Rafnsson gjaldkeri KKÍ fylgdi reikningunum úr hlaði með spjalli um fjárhagsmálefni sambandsins almennt. Hann kom meðal annars inn á að: Þensla hefði orðið á umsvifum KKÍ undanfarin misseri, vegna aukins fjöldi þátttakenda og leikja og vegna nýjunga í fræðslu og upplýsingastarfi. Uppsaðnað tap áranna þar á undan hefði náðst upp fyrir núllið á tveimur árum í stað fjögurra eins og fyrirhugað var. Vildi láta aðra um að dæma hvort þessa góða rekstarafkoma væri grundvölluð á aðhaldi í reksti, útþenslustefnu í fjároflunum eða vingjarnlegum ytri skilyrðum í þjóðfélaginu, en sagðist sjálfur ekki veðja á síðast talda atriðið. Hagnaður hefði haldist undanfarin þrjú reikningsár án verulegrar hækkanar þáttökugjalda. Ólafur ræddi um vinnu við skipulagða stefnumótun varðandi hlutverk KKÍ í fjárhagsmálefnum. Ennfremur hvar mörkin milli KKÍ annarsvegar og félaganna sem einstakra eininga hinsvegar. Hann benti á að þáttökugjöldin hafi verið hækkuð um 5% í fyrra, en næstu 5 ár þar á undan hafi þau hækkað um að meðaltali 20%. Hann taldi að vissulega væri æskilegt að landslið sambandsins stæðu undir sér fjárhagslega og eðlilegt að KKÍ annaðist gerð auglýsingasamninga í tengslum við þau svo og sala Úrvvalsdeildar og samningar við fjölmíðla væru í höndum KKÍ. Hins vegar væri það fjarri lögbundnu hlutverki stjórnar KKÍ að annast fjároflunarstarf fyrir aðildarfélög sín. Hann taldi ótækt að stjórnarmenn sambandsins væru í persónulegum ábyrgðum fyrir sambandið á sama tíma og KKÍ ætti stórar upphæðir útistandandi í vanskilum hjá aðildarfélögum. Ólafur rifjaði upp umfjöllun og meðferð fjárhagsnefndar síðasta ársþings KKÍ á fjárhagsáætlun þess reikningsárs sem er nýlokið. Þar var lögð fram fjárhagsáætlun með núll útkomu, þ.e.a.s. hvorki skildi skila hagnaði né tapi. Hann sagði að nefndarmenn hafi viljað bæta inní áætlunina hagnaði uppá kr. 500 þúsund "prisipsins" vegna og setja undir liðinn "Aðrar Fjáraflanir". Ólafur taldi að eflaust hafi í þessu verið fólgin fyrirmæli til stjórnar KKÍ að hún ætti að gróðursetja peningatré þegar í stað. Hann minntist á að á síðasta þingi hafi verið rætt um að KKÍ væri farið að ráðast um of inná svíð félaganna í fjároflunum en taldi þó að stjórn sambandsins hefði reynt af fremsta megni að verða við tilmælum fjárhagsnefndar með því að leita nýrra óháðra leiða til fjároflunar sem gengju ekki á hagsmuni félaganna. Niðurstaða þeirrar vinnu hafi verið su að gegnið var til samninga við Hagvagna h/f um sölu á auglýsingum á strætisvagna fyrirtækisins. Það hafi kostað mikla baráttu og vinnu að ná samningum enda margir um hituna. Það sem úrslitum hafi ráðið hafi verið sú breiðfylking félaga sem KKÍ hefur uppá að bjóða við sölu á auglýsingum og persónuleg tengsl við fyrirtæki. Hann taldi að samningurinn gæti skilað KKÍ nánast jafn miklu og þáttökugjöld félaganna og ríkisstyrkjum samanlagt eða allt að 3-5 milljónum kr. á ári. Hugmyndin hafi verið að hlutverk KKÍ væri fyrst og fremst samræming, samskipti við Hagvagna h/f, samskipti við auglýsingastofur, álíming auglýsinganna og uppgjör virðisaukaskatts, auk þóknunar svo dæmið skilaði einhverjum hagnaði til sambandsins. Á þessum nótum hafi samningurinn verið kynntur aðildarfélögum sl. haust. Reiknað hafi verið með að KKÍ þyrfti að leysa úr ágreiningi milli félaganna um það hvaða fyrirtæki hvert þeirra fengi að leita til. Félögunum hafi verið boðnar kr. 80 þúsund nettó fyrir eina auglýsingu á langhlið á

tvær vikur. Þessi fjárhæð var síðan lækkuð síðar, en breytti engu um að áhugaleysi félaganna var mikið. Hann sagði að viðbrögð félaganna við samningnum hafi komið sér mjög á óvart. Mönum hafi þótt samningurinn ágætur, en í framkvæmd hafi áhuginn að nýta sér samninginn verið nánast enginn. Hann sagði að sér væri óskiljanlegt hvernig félögin gætu borið við peningaleysi á sama tíma og ekki væri reynt að afla peninga eftir þessari leið, sem hugsanlega gæti gefið 2-3 rækjusluherferðir með einu símtali. Ólafur ræddi svo um einstaka liði ársreikninga KKÍ og skýrði þá.

Þingforseti tók til máls og skýrði frá því að forseti ÍSÍ, Ellert B. Schram hafði beðið um orðið.

Ellert B. Schram forseti ÍSÍ byrjaði á því að segja að vel færi á því að þingið væri haldið í Keflavík vegna frammistöðu keppnisliða bæjarins á líðnum vetri og óskaði Keflvíkingum til hamingju með titlana. Hann óskaði KKÍ einnig til hamningju með gott starfsár og með þá miklu uppsveiflu sem íþróttin er í. Ellert rakti ástæður vaxandi velgengni og minntist á útsýningar frá NBA-deildinni beinar útsendingar frá úrslitakeppni úrvalsdeildarinnar og taldi þær eina helstu ástæðuna fyrir velgengninni. Hann kom síðan inná útbreiðslumál og sagði að félögin bæru jafnan við aðstöðuleysi, en ekki væri vandi að fá fólkid til að stunda íþróttir. Íþróttahúsum hefði þó fjöldað en betur mætti ef duga skal. Ellert kom síðan að ársskýrslu KKÍ, taldi að vel hefði verið unnið en meiri framkvæmdir kölluðu á meira fé. Hann taldi að á næstu árum mætti ekki vænta aukinna peninga frá ríkisvaldinu, en Íslensk Getspá væri góð mjólkurkýr sem verið væri að hlúa að. Hann sagði að leita ætti eftir fé til fyrirtækjanna og fá hærri greiðslur frá sjónvarpinu fyrir sýningarrétt, úrslitaleikir í beinni útsendingu væru eitt besta sjónvarpsefni sem hægt væri að bjóða upp á. Einnig ætti að fara nýjar leiðir í fjárlögun og aðskilja ætti unglungastarf félaganna frá meistaraflokkunum (afreksmönnum). Umræða um launagreiðslur til leikmanna og þjálfara í tengslum við skattamál hefði skaðað íþróttahreyfinguna. Að lokum flutti foresti ÍSÍ kveðjur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ, þakkaði gott samstarf á árinu og vonaðist til að þingstörf yrðu góð og körfuknattleisíþróttin mætti áfram vaxa og dafna.

Þingforseti tók til og skýrði frá því að Kolbeinn Pálsson formaður KKÍ hefði beðið um orðið.

Kolbeinn þakkaði fyrir forseta ÍSÍ fyrir kveðjur hans, komuna og góðar ábendingar.

6. UMRÆÐUR UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA.

Þingforseti gaf orðið laust.

Ingvar Kristinsson þakkaði fyrir góða skýrslu, en gerði athugasemd við eitt atriðið í skýrslu mótanefndar varðandi stúlknaflokk, taldi að Haukar hafi ekki hætt keppni heldur ekki getað tekið þátt vegna hringlanda við framkvæmd mótsins. Hann vék að auknum áhuga á körfubolta, bæði fjölmíðla og hjá krökkunum og að erlendir leikmenn hafi lyft íþróttinni á annað plan og gert greina betri og þar með landsliðið sem náð hefði betri árangri en fyrr. Erlendu leikmennirnir hefðu þó ekki skilað meiri peningum beint í kassann hjá Haukum og þess vegna hafi þeir lagt fram tillögu um að banna erlenda leikmenn. Hann ræddi því næst um auglýsingar og sagði að styrktaraðilar Hauka væru ekki til í að leggja peninga í einhverskonar atvinnumennsku. Hann taldi samning KKÍ við Hagvagna mjög góðan, bæði fyrir KKÍ og félögin, en fyrirtækin hefðu skorið niður fé til auglýsinga vegna hallareksturs. Hann hefði ætlað að greiða skuld Hauka hjá KKÍ með auglýsingum á vagnana, farið í um 10-15 fyrirtæki, en ekkert orðið ágengt. Hann taldi að með batnandi efnahagslegu árferði myndi samningurinn nýtast betur. Hann sagði að innkoma á leiki væri traustur tekjupóstur

og sala ársmiða hefði komið vel út. Hann sagði flókið mál ef íþróttafélögin færð út í að innheimta virðisaukaskatt af auglýsingasamningum sínum. Hausverkurinn væri að halda utan um bókhaldið, hvar kæmi innskattur á móti útskatti. Hann sagði að það stæði skýrt í lögum um félög og fyrirtæki að í félagastarfsemi þyrfti ekki að greiða virðisaukaskatt ef félagið væri ekki rekið með hagnaðarásetningi. Féegin væru rekin til þess að koma út á nálli og því væri ekki virðisaukaskattsskilda af auglýsingatekjum, þær væru aðeins einn hluti af heildar dæmi. En halda þyrfti bókhald engu að síður. Hann kom síðan að yngri flokka starfi, æfingagjöld væru innheimt til þess að standa undir þjálfaraunaum. Ekki væri nema eðlilegt að gefa þessar tekjur upp til skatts, en mönnum væri frjálst að hafa tekjur upp að 100 þúsund kr. ári án þess að greiða af þeim skatt. Því næst kom hann að meistaflokkunum og taldi varasamt að fara út á þá braut að versla með leikmenn. Hlúa þyrfti að yngri flokkunum og búa þar til meistaraflokksmenn framtíðarinnar fyrir félagið. Hann sagði að taka þyrfti stefnumarkandi ákvörðun um hvort halda ætti áfram áhugamennsku eða hvort stíga ætti skrefið til fulls út í einhverskonar atvinnumennsku. Menn þyrftu að athuga ef fara ætti atvinnumennskuleiðina að aðeins væru um 500-600 fyrirtæki á Íslandi af þeirri stærðargráðu að geta haldið uppi atvinnumennsku í íþróttum.

Helgi Hólms bauð gesti velkomna og þakkaði góða skýrslu og öflugt staf. Hann kom síðan inná stefnumörkun í rekstri KKÍ í framhaldi af orðum Ólafs Rafnssonar. Hann sagðist þeirrar skoðunar að KKÍ þyrfti að vera fjárhagslega sterkt, marka sjálft sínar eigin fjároflunarleiðir, en jafnframt að rata þann gullna meðalveg að fjáraflanir sambandsins og félaganna rekist ekki á. Hann tók undir orð Ólafs og taldi KKÍ á réttri leið. Hann sagði að landsliðið, andlit íþróttarinnar út á við, væri að verða betra en áður og nefndi því til dæmis sigur á Englendingum frá deginum áður. Hann varaði við því að setjast með hendur í skaut þótt illa áraði, en taldi einhvern niðurskurð eðlilegan. Þá kom hann inná faraldurinn í kringum NBA-leikmannamyndirnar og sliðar myndir af leikmönnum í 1. deildinni í knattspyrnu og benti á þessa leið sem nýjan tekjumöguleika fyrir KKÍ og félögin. Þá minntist hann á OPEL bilafyrirtækið, sem ákvað að skapa sér ímynd sem bill íþróttafolks. Fékk helstu stjörnur Þýskalands til liðs við sig og þetta bar árangur. Hann teldi að félögin ættu að sigla af hörku inná auglýsingamarkaðinn, fyrirtæki væru að auglýsa og við yrðum að fá okkar hlut af kökunni. Helgi taldi litla hættu á því að verið væri að sigla inni atvinnumennsku, en taldi eðlilegt að félög reyndu að styrkja lið með leikmönnum annars staðar frá. Hann hvatti menn til bjartsýni þrátt fyrir efnahagssveiflur.

Hannes Ragnarsson frá Keflavík bauð gesti velkomna til Keflavíkur. Hann sagði störf KKÍ hafa verið góð, en sagðist eiga erfitt með að skilgreina hlutverk KKÍ, t.d. varðandi þátttöku í Evrópukeppni og taldi til bóta ef hlutverk KKÍ yrði skilgreint á blaði eða bæklingi. Hann kvatti aðila að KKÍ til þess að taka sig saman í andlítinu varðandi Hagvagna samninginn, hann sagði að mönnum fyndist framkvæmd samningsins flókin! Loks kom hann að þátttöku ÍBK í Evrópukeppni og Norður Evrópuideildinni og taldi mikinn kostnað því samfara og taldi líklegt að leika yrði báði leikina í Evrópukeppnninni úti í ár eins og í fyrra. Hann taldi mikla tekjumöguleika felast í sjónvarpsrétti, en taldi að milliþinganeftnd um þau mál hefði átt að geta skilað betra álti. Hann sagði beinar útsendingar gott sjónvarpsefni, en taldi sitt félag hafa orðið fyrir tekjumissi af þeirra völdum. Því næst kom hann inná auglýsingasamning ÍBK við Landsbankann sem hefði verið á viðskiptalegum grundvelli, en ekki gjöf. Hann minntist á að ÍBK hefði haft sama mann í auglýsingamálum í nokkur ár og hann væri kominn með ákveðna viðskiptavild, sem væri mikilvægt. Loks minntist hann á veggmynd af liði ÍBK með auglýsingum á, sem selt hefði verið í vor. Undirtektir hefðou ekki verið miklar, en samt góð byrjun. Myndinni hefði einnig verið trykkt á boli sem soldir hefðou verið í talsverðu magni. Hann benti einnig á minniboltamót sem haldið var í vor af ÍBK og UMFN og taldi að það hefði heppnast mjög vel og hugmyndin væri að stækka mótin enn og efta. Hann minntist einnig á körfuboltaskóla ÍBK og UMFN sem halda á í haust, en hugmyndin er

að þar kenni meðal annarra erlendir leiðbeinendur. Loks vonaðist hann til þess að þingstörf yrðu góð og menn miðluðu af þeirri reynslu sem þeir búa yfir.

Pálmi Sighvatsson frá Sauðárkróki benti á að í skýrslu formanns hefði komið fram að Leiknir hefði sigrað í 2. deild þar sem Laugdælir (ÍKÍ) hefðu hætt keppni. Hann benti á að Laugdælir hafi leikið í sama riðli og USVH í úrslitum deildarinnar og eini tapleikur USVH í veturn hafi verið gegn ÍKÍ, þeir hafi aldrei leikið gegn Leikni. Hann taldi sanngirnismál að skoða málið betur, þar sem ÍKÍ hafi ákveðið að taka ekki sæti í 1. deild. Loks þakkaði hann stjórninni góða skýrslu og ánæglulegar tölur í fjármálunum.

Guðmundur Sigurgeirsson frá Val spurði gjaldkera út í liðinn aðrar tekjur 4.490.624 kr. sem sundurliðast meðal annars í greitt í dómarasjóð og úr dómarasjóð, hvort KKÍ hafi sent inn launamiða á dómara, þar sem þessar tölur séu í ársreikningum.

Gísli Halldórsson frá Borgarnesi taldi árskýrslu góða og reikninga ekki gefa tilefni fyrir gjaldkera að flyja stólinn. Hann spurði gjaldkera út í fyrirtæki sem þyrfti að stofna og vildi fá nánari skýringar á.

Pétur Hrafn Sigurðsson framkvæmdastjóri KKÍ svaraði Pálma Sighvatssyni og sagði að ÍKÍ hafi sigrað í 2. deild og því orðið Íslandsmeistari. Ekki hafi verið fyrirséð að þeir myndu ekki taka sæti í 1. deild og því ekkert sem KKÍ gæti gert nema bjóða liðinu sem varð í öðru sæti sætið, sem er Leiknir. Hann benti á að þegar Vikverji hætti í 1. deild sl. haust hafi félögum úr úrslitakeppni 2. deildar verið boðið sætið, en aðeins Ungmennafélag Akureyrar sem varð í 6. og síðasta sæti, hafi þegið það. Hann sagði þetta ákveðið vandamál, en ekki hefði komið fram betri lausn en að ganga á röðina og bjóða félögum sætið hvert af öðru.

Ólafur Rafnsson gjaldkeri KKÍ baðst velvirðingar á því að hafa opnað umræður um fjáraflanir, sagðist aðeins hafa viljað fylgja reikningunum úr hlaði. Hann svaraði Ingvari Kristinssyni varðandi Hagvagna og sagði að á lista sem Haukar hafi skilað inn hafi aðeins verið nafn eins fyrirtækis. Hann varaði við því að félöginn væru að fara í sömu fyrirtækin og þess vegna hefði verið ákveðið að félöginn skiluðu inn listum yfir "sín" fyrirtæki. Varðandi að fyrirtæki auglýstu ekki, sagðist hann þó enn sjá auglýsingar, en þær hefðu ef til vill lækkað, samkeppni milli auglýsingamiðla hafi aukist og erfiða væri að innheimta auglýsingareikninga. Síðan benti hann á að vagnarnir hafi ekki verið auðir í veturn, þótt erfitt hafi reynst að ná í auglýsingar á þá. Síðan benti Ólafur á að ýmsar leiðir væri hægt að fara varðandi sölu auglýsinganna, til dæmis að tengja þær öðru. Síðan hvatti Ólafur til þess að farið yrði að lögum varðandi virðisaukaskatt. Varðandi stofnun fyrirtækis þá væri það ekki til þess gert að standa straum af kostnaði við atvinnumennsku leikmanna heldur að skapa nýja fjárlunarleið sem skilar tekjum til KKÍ sem renna 'ekki til leikmanna heldur í uppbyggingarstarf. Ólafur sagði að atvinnumennsku gerast með þróun en ekki byltingu. Hann taldi betra að félöginn stjórnuðu þessari þróun en leikmenn. Tillaga sín frá fyrra þingi um þessa þróun hafi verið feld, en aðrar tillögur hafi ekki verið lagðar fram. Þá kom Ólafur inná tillögu frá Ingvari Kristinssyni um bann við erlendum leikmönnum og taldi að vaxtarbroddurinn í körfuboltanum væri úti á landi og í 1-2 þúsund manna bæjarfélögunum væri nauðsyn að geta styrkt liðið með erlendum leikmanni eða íslenskum, öfgar gætu þó orðið þeir að þeir yrði of margir og þau dæmi hafi jafnvel komið upp. Ólafur upplýsti vegna hugmyndar Helga Hólms um leikmannamyndir, að vinna við slikar myndir væri þegar komin vel á veg og það yrði gert í samráði við félöginn. Þá skýrði hann frá hringferð um landið, í líkingu við Körfudaga í Perlunni. Þar fái félöginn möguleika á að afla sér tekna á ýmsan hátt og markmið KKÍ sé að gera þetta sér að kostnaðarlausu, en ná með þessu góðu samstarfi við félöginn, halda dómaranámskeið, þjálfaranámskeið, fyrirlestra um skattamál, uppbyggingu minnibolta og koma öllum körfum á landinu í lag. Ólafur telur að svona áatak

þurfi að gera einu sinni á ári. Ólafur kom að umræðu Hannesar um hlutverk KKÍ, en taldi óþarfst að gefa út bækling. Hlutverk KKÍ kæmi skýrt fram í 12. grein í lögum sambandsins. Hins vegar væri tímabært að ræða um góða stefnumótun fyrir KKÍ. M.a. varðandi mörkin milli félaganna og KKÍ. Ólafur svaraði því varðandi Hagvagnasamninginn að vel geti verið að hann sé flókinn. Hann hafi hins vegar aldrei verið lagður fram sem slíkur, en verið kynntur á tveimur formannafundum, bæði munnlega og skriflega. Lykilatriði sé hins vegar að safna auglýsingum og sílkt þurfi engrar kynningar við. Varðandi fyrirspurn Guðmundar um launamiða sagði ólafur að frestur til þess að skila launamiðum væri ekki runninn út og það væri ákörðun stjórnar KKÍ hvort það yrði gert. Varðandi fyrirspurn Gísla um fyrirtækisstofnun sagði Ólafur að um grunnhugmyndir væri að ræða, hvort notað yrði félags eða fyrirtækisform væri útfærsluatriði. Verið væri að fara inná almennan markað viðskiptalífsins þar sem ekki væri verið að selja íþróttina sem slika heldur öfugt. Verið væri að nota íþróttina sem neytendahóp. Hann taldi að ef fara ætti inn á svíð annarra fyrirtækja sagði Ólafur sínar persónulegu skoðun að sílkt ætti að gera í formi fyrirtækis. Þá myndu menn ekki sitja undir því að verið væri að misnota nafn íþróttahreifingarinnar. Sílkt væri nauðvörn til að bregðast við samdrætti í þeim möguleikum okkar að selja íþróttahreyfinguna sjálfa. Ólafur minntist síðan á tvennt úr máli Ellerts Schram. Það að aðskilja afreksíþróttir og ungingastarf og varðandi sölu á sjónvarpsrétti og taldi að stjórn KKÍ ætti að beita sér fyrir sliku.

Kolbeinn Pálsson tók fram að stjórn KKÍ er kosin af þingi, formaður, framkvæmdastjóri og starfsmenn væru einnig starfsmenn félaganna þannig að hægt væri að láta þá hafa verkefni, sér í lagi varðandi erlend samskipti. Þá þakkaði hann Keflavíkingum, sérstaklega Helga Hólm fyrir undirbúning þingsins sem væri það fyrsta sem haldið er á Suðurnesjum. Loks þakkaði Kolbeinn fyrir hlý orð varðandi skýrslu og reikninga.

Þingforseti gaf hádegisverðarhlé.

Þingforseti bað um álit kjörbréfanefndar.

Helgi Hólm skýrði frá störfum nefndarinnar. Hann skýrði frá því að lögð hefðu verið inn kjörbréf fyrir 79 fulltrúa, en þingseturétt eigi um 120 manns þannig að þingfulltrúar séu um 67% af þeim fjölda. Síðan las hann upp nöfn þeirra sem atkvæðisrétt og bað menn um að standa upp um leið og nöfn þeirra eru lesin.

Ungmennsamband Skagafjarðar

	Umboð
Pálmi Sighvatsson	Ragna Baldursdóttir
Jóhann Ingólfsson	,
Hrönn Pétursdóttir	Gunnar Sveinsson
Óttar Bjarnason	Magnús Svavarsson

Íþróttabandalag Akureyrar

Kjartan Bragason	Steindór Kárason
Guðjón Andri Gylfason	Guðjón Birgisson
Þórir Óttarsson	
Einar Viðarsson	

Íþróttabandalag Keflavíkur

Ragnar Örn Pétursson
Hannes Ragnarsson
Helgi Hólm

Erla Sveinsdóttir
 Sigurður Valgeirsson
 Jón Ben Einarsson
 Björn Þíkingur Skúlason
 Tryggvi Bragason

Ungmenna og íþróttasamband Austurlands
 Kristján Rafnsson
 Hannibal Guðmundsson

Íþróttabandalag Suðurnesja
 Ólafur Eyjólfsson
 Guðmundur Erlendsson
 Jón Einarsson
 Július Valgeirsson
 Logi Úlfarsson
 Anton Gylfason
 Kristbjörn Albertsson
 Friðrik Rúnarsson
 Guðfinnur Friðjónsson
 Ægir Ágústsson

Körfuknattleiksráð Reykjavíkur
 Guðmundur Sigurgeirsson
 Óttar Felix Hauksson
 Guðmundur Þorsteinsson
 Pétur Hrafn Sigurðsson
 Jón Bender
 Pétur Hólmsteinsson
 Stefán Ingólfsson
 Þorgeir Ingvason
 Elínborg Guðnadóttir
 Helgi Bragason
 Héðinn Gunnarsson
 Gísli Georgsson
 Kolbeinn Pálsson
 Einar Bollason
 Kristinn Stefánsson

Kolbrún Jónsdóttir

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar
 Ingvar Kristinsson
 Sverrir Hjörleifsson
 Sigtryggur Ásgrímsson
 Sturla Jónsson
 Gísli Sigurbergsson
 Ólafur Rafnsson
 Íþróttabandalag Akraness
 Ragnar B. Sigurðsson
 Hörður Harðarson
 Hilmar Sigvaldason

Hálfðán Markússon
 Sveinn Sigurbergsson

Ungmennasamband Kjalarnesþings

Hannes S. Jónsson

Haukur Hauksson

Birgir Ómar Haraldsson

Héraðssamband Snæfellsnes og Hnappadalasýlsu

Grétar Pálsson

Ríkharður Hrafnkelsson

Gyða Steinsdóttir

Eyþór Lárentsínusson

Ólafur Sigurðsson

María M. Guðnadóttir

Þórður Njálsson

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Sórún Anna Rafnsdóttir

Hans Egilsson

Bjarni Steinarsson

Gísli V. Halldórsson

Anna Steinsen

Ragnheiður Gissurardóttir

Jón Finnsson

Þingforseti leitaði eftir athugasendum við kjörbréf, þær voru engar og þau skoðuðust því samþykkt.

Þingforseti gaf orðið aftur laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Guðmundur Sigurgeirsson frá Val ítrekaði fyrirspurn sína til gjaldkera hvort launamiðum yrði skilað inn fyrir dómara og sagði það mikilvægt fyrir Val, þar sem félagið hefði lent í skoðun hjá Ríkisskattstjóra og það yrði að standa skilmerkilega skil á öllum launagreiðslum, þar á meðal til þeirra dómara sem dæmdu hjá félagini.

Gísli V. Halldórsson frá Borgarnesi vildi vekja athygli á því að þingfulltrúar gætu haft umboð fyrir annan sveitung sinn og vildi ítreka það. Gísla fannst hugmyndir um fjárlöfun athyglisverðar, en fannt ýmislegt rúmast innan KKÍ og óþarfi að búa til eitthvað nýtt ef ekki væri fyrir það þörf. Hann sagði að nauðsynlegt væri að markaðssetja körfuboltann betur og benti þar meðal annars á leikmannamyndir og sagði að slíkt hefði verið reynt í Borgarnesi sl. vetur. Hann taldi Hagvagnamálið gott mál og óþarfa fyrir gjaldkera að hlaupa út úr stjórninni því vilji væri til þess að vinna í málinu.

Ólafur Rafnsson gjaldkeri KKÍ svaraði Guðmundi því til að fyrirspurn hans ætti ekkert erindi í umræðu um ársreikninga svaraði því engu að síður. Hann taldi ekki hægt að svara spurningunni með já eða nei, málið heyrði undir stjórn KKÍ en ekki gjaldkera persónulega. Hann sagði að launamiðar hefðu ekki verið sendir út, en málið tengdist umfjöllun um skattamál sambandsins i heild og stefnumótun í þeim efnum. Ólafur taldi að félögini greiddu dómurum laun, um væri að ræða beina inn og út færslur hjá KKÍ þannig að athuga þyrfti hvorum aðilanum bæri að senda launamiðana. Hann kom inná hugmynd frá Stefáni Ingólfssyni um uppgjör verkata samkvæmt reikningi. Uppgjör færði oft fram undir lok tímabils þannig að dagsetning reiknings væri þá 1993 og því ekki inná 1992 sem Ríkisskattstjóri er með kröfur um. Ólafur svaraði Gísla og taldi að hugmyndir þeirra tveggja færði ekki alveg saman, en menn yrðu að ræða málin sín á milli. Þá kom hann inná hringferð um landið og minnti á vandamálið í Reykjavík, það væri ekki að finna iökendur, heldur félög til að taka við iökendunum.

Þingforseti bar reikninga sambandsins upp til samþykktar og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

6. STJÓRN KKÍ LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR NÆSTA ÁR.

Ólafur Rafnsson gjaldkeri KKÍ, sá ekki ástæðu til þess að lesa áætlunina upp lið fyrir lið, en benti á breytingu á uppsetningu hennar á þann hátt að dregnir hafa verið saman einstaka liðir. Hann taldi rétt að umræða um fjárhagsáætlun færi fram í fjárhagsnefnd, en þingfulltrúar hefðu þó aðgang að fundum nefndarinnar. Að svo búnu lagði gjaldkeri áætlunina formlega fram.

Þingforseti gerði að tillögu sinni að fjáhagsáætlun yrði vísað til fjárhagsnefndar og var það samþykkt.

7. LAGÐAR FRAM LAGA OG LEIKREGLANBREYTINGAR SEM BORIST HAFA

Þingforseti las upp þær tillögur sem lagðar hafa verið fram og lagði til, til hvaða nefnda þeim væri vísað.

Þingskjal nr. 1 til laga og leikreglnanefndar
 Þingskjal nr. 2 til allsherjarnefndar
 Þingskjal nr. 3 til allsherjarnefndar
 Þingskjal nr. 4 til allsherjarnefndar
 Þingskjal nr. 5 til laga og leikreglnanefndar
 Þingskjal nr. 6 til laga og leikreglnanefndar
 Þingskjal nr. 7 til fjárhagsnefndar
 Þingskjal nr. 8 til fjárhagsnefndar
 Þingskjal nr. 9 til laga og leikreglnanefndar

8. UMRÆÐA UM AÐRAR TILLÖGUR OG ÖNNUR MÁL

Tillaga frá Akranesi um breytingu á grein 13 í reglugerð KKÍ:

Félag sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar auglýsingar og ferðalaga mótaðilans og sæta þar að auki sekt sem nemur öllum ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar en þó aldrei lægri upphæð en kr. 45.000,- sem rennur að hluta til félagsins, 70% og afgangurinn til ungingastarfs innan KKÍ. Félag sem ekki mætir til leiks

ÍA lenti í því í veturnar að félag sem átti að leika gegn okkur mætti ekki til leiks og teljum við okkur hafa orðið af tekjum sem nema 100.000,- vegna þessa.

Þingforseti leitaði afbrigða um hvort leyfa ætti að taka þessa tillögu fyrir. Ekki var samþykkt að taka þessa tillögu til umræðu.

Þingforseti leitaði afbrigða til að kjósa varamann í laga og leikreglnanefnd. Þingheimur samþykkti það og var Hrannar Hólm kosinn varamaður í nefndina.

Þingforseti gaf Kolbeini Pálssyni formanni KKÍ orðið.

Kolbeinn Pálsson talaði um fyrri þing frá því hann tók við formennsku og skýrði frá því að þau hefðu öll verið haldin utan Reykjavíkur og taldi það æskilegt til þess að efla kynni

manna á meðal. Hann rakti dagskrá dagsins, skoðunarferð um Kelfavík og hvatti fólk til þess að taka þátt í henni, hátiðarkvöldverð á Þotunni og dans að henni lokinni og skoraði á fólk á að taka þátt í þessum óformlegu "þingstörfum".

Þingforseti tók undir orð Kolbeins og frestaði að því búnu þingi til næsta dags.

SUNNUDAGUR 9. MAÍ

9. ÁLIT NEFNDA

Fjárhagsnefnd

Ólafur Rafnsson mælti fyrir hönd nefndarinnar. Hann tók fyrir þingskjal nr. 8, fjárhagsáætlun KKÍ, og lagði til að hún yrði samþykkt.

Ólafur tók fyrir þingskjal nr. 7, tillaga fyrir mótanefnd. Hann skýrði frá því að skiptar skoðanir hefðu verið um tillöguna í nefndinni. Nefndin lagði til breytta tillögu: "Sæki félag um frestun á leik skal félagið greiða tryggingu til KKÍ kr. 20.000 fyrir leik í Úrvalsdeild, kr. 10.000 fyrir leik í 1. deild karla og kvenna og kr. 2.000 fyrir aðra flokką og deildir. Gjald þetta skal greiðast áður en umsókn um frestun er tekin fyrir" (sjá þingskjal nr. 10). Ólafur skýrði einnig frá því að nefndin hafnaði greinargerð tillöguflytjanda og greinargerð með breytingartillöggunni myndi hljóða svo: "Tilgangur reglunnar er að félag verði skaðlaust af réttmæti beiðni um frestun, en á hinn bóginn geti með tryggingargjaldi skapast grundvöllur til að standa straum af kostnaði nefndarinnar. Gjaldi þessi er ekki ætlað að bæta heimaliði tjón vegna frestunar, enda hafi verið forsendur fyrir frestuninni að mati mótanefndar." Ólafur bætti því við að það að mótanefnd gæti komið sér upp sjóði stangaðist á við lög KKÍ þar sem nefndir hafi ekki sjálfstæðan fjárhag.

Þingforseti gaf orðið laust, en enginn mælti sér hljóðs og bar hann því þingskjal nr. 8, fjárhagsáætlun KKÍ, undir atkvæði og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti bar þingskjal nr. 7, tillaga fyrir mótanefnd, ásamt breytingartillögu fjárhagsnefndar, undir atkvæði.

Þingforseti gaf orðið laust.

Ingvar Kristinsson sagðist ekki átta sig á því út af hverju 10.000 kr. hefði verið hækkað í 20.000 kr. Hann sagði það gott mál að orðinu "gjald" hefði verið breytt í "trygging" og sagði að í því fælist að um endurgreiðslu yrði að ræða. Hann spurði út í hvernig staðið yrði að þessum endurgreiðslum, í hvaða tilvikum og á hvaða hátt.

Ólafur Rafnsson svaraði því til að tryggingin yrði endurgreidd í þeim tilfellum þar sem leik er frestað. Hann sagði markmiðið með tryggingunni það að koma í veg fyrir tilefnislausar eða tilefnislitlar beiðnir um frestun leikja.

Sigurður Valgeirsson sagði tillöguna góðra gjalda verða, en mótanenfd yrði að vanda betur vinnubrögð við niðurröðun leikja, en slæm vinnubrögð væru aðal ástæðan fyrir beiðni um frestun leikja.

Hrannar Hólm sagðist eiga erfitt með að átta sig á framkvæmd á greiðslu á trygginunni, oft væri beðið um frestun símleiðis með stuttum fyrirvara og sagðist ekki átta sig á því hvernig þetta yrði í framkvæmd.

Guðmundur Sigurgeirsson sagði að mótanefnd yrði að marka skýrar línur um hvenær leik væri frestað og hvenær ekki. Hann nefndi dæmi um 1. flokks leik frá því í vetur og spurði hvort ekki væri verið að reita fé af félögnum með þessari tryggingu. Hann minntist 1.000 marka sekt sekt til FIBA vegna þess að einn leikmaður var í svörtum skóm í leik í Evrópukeppni og fannst langt gengið í peningagreiðslum.

Þingforseti bar þingskjal nr. 7 með breytingartillögum undir atkvæði og var það fellt.

Allsherjarnefnd

Ingvar Kristinsson mælti fyrir hönd nefndarinnar. Hann tók fyrir þingskjal nr. 2, reglugerð um aganefnd KKÍ, og lagði til hver grein þingskjalsins yrði afgreidd fyrir sig. Hann byrjaði á 1. grein og sagði að í henni væri helsta breytingin sú frá því sem verið hefur að ársþingið kjósi two menn í nefndina en formaður skuli tilnefndur af stjórn KKÍ. Í dag eru allir þrí tilnefndir af stjórn KKÍ. Allsherjarnefnd leggur til að greinin verði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust en enginn kvaddi sér hljóðs. Bar þingforseti tillöguna þá undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Ingvar Kristinsson tók því næst fyrir 2. grein og sagði að nýtt væri í þessari grein að fleiri en dómarar geti kært aðila leiks. Nefndin lagði til að greinin yrði samþykkt með eftirfarandi breytingu á fyrstu setningu C-lið: "Kæruaðild gagnvart leikmönnum, félögum, aðstandendum liðs og áhorfendum er í höndum dómara viðkomandi leiks, eða forsvarmanna þess félags sem misgert telst við. Ef brot getur valdið KKÍ álitshnekki út á við, skal stjórn KKÍ heimil kæruaðild. Kæruaðild gagnvart dómurum er í höndum forsvarsmanns félaga." Ingvar sagði að nefndin leggði þessa breytingu til, svo kærur leikmanna á hendur öðrum leikmönnum fari í gegnum forsvarsmann viðkomandi félags. Í D-lið sagði Ingvar að nefndin leggði til breytingar í samræmi við C-lið og orðist liðurinn svo: "Fyrir kæru forsvarsmanns félags á hendur leikmanni eða félagi, skal kærandi leggja fram kr. 10.000 tryggingu, sem endurgreiðist ef kærði fær áminningu, er dæmdur í bann eða sekt. Fyrir kæru á hendur dómara skal trygging þessi nema kr. 20.000. Fyrir kæru frá dómara eða stjórn KKÍ skal trygging ekki lögð fram" (sjá þingskjal nr. 11, gr 2).

Þingforseti gaf orðið laust um 2. grein. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti greinina því undir atkvæði og var hún samþykkt einróma.

Ingvar tók því næst fyrir 3. grein og sagði að allsherjarnefnd leggði til að hún yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um 3. grein.

Guðmundur Sigurgeirsson spurði hvort aganefnd gæti frestað fundi og komið saman aftur á öðrum degi en þriðjudagi.

Ólafur Rafnsson svaraði Guðmundi því til að fundirnir skyldu haldinir á þriðjudögum og vitnaði þar í A-lið. Hann vitnaði einnig í B-lið þar sem fram kemur að undir sérstökum kringumstæðum skuli nefndinni heimilt að koma fram á öðrum tíma. Ólafur sagði hins vegar fortakslaust að nefndin ætti að koma saman á þriðjudögum og gæti ekki frestað fundi fram á næsta dag með geðþóttu ákvörðun.

Guðmundur spurði hvort nefndin gæti frestað fundi fram á næsta eða þar næsta dag, vegna

gangaskorts í viðkomandi máli og hvort í slíkum tilfellum yrði ekki að fresta fundi um heila viku.

Ólafur svaraði því til að ef næg gögn lægju ekki fyrir, þá yrði máli væntanlega vísað frá, en ekki frestað.

Helgi Hólm fagnaði því að reglur aganefndar hefðu verið teknar til endurskoðunar og því sérstaklega að í reglugerðinni væri heimilt að byggja úrskurð, meðal annars á myndbandsupptökum

Þingforseti bar 3. grein undir atkvæði og var hún samþykkt.

Ingvar Kristinsson tók því næst fyrir 4. grein sagði að nefndin leggði til breytingu á D-lið. Aftan við hann bættist: "Aganefnd skal meta heimliði það til málsbóta, ef öryggisgæsla telst hafa verið nægjanleg" (sjá þingskjal nr. 11).

Þingforseti gaf orðið laust um 4. grein.

Grétar Pálsson taldi að í E-lið vantaði að dómarí gæti komið óprúðmannlega fram við áhorfendur, rétt eins og aðra aðila leiks.

Helgi Hólm spurði út í hvers konar öryggisgæsla þyrfti að vera til staðar og hvenær hún væri nægjanleg.

Guðmundur Sigurgeirsson taldi íþróttinni ekki til framdráttar að leikmenn færu í tveggja leikja bann. Hann gerði tillögu að við aðra brottvísun fengju menn aftur eins leiks bann.

Jón Bender spurði hvað væri óprúðmannleg framkoma að hálfu dómarí og hvort E-liður 4. greinar væri yfirleitt þarfur.

Ingvar Kristinsson svaraði fyrirspurnum. Hann taldi næga öryggisgæslu vera 1 öryggisvörð á hverja 25 áhorfendur. Hann sagði meiri álitshnekki vera fyrir íþróttina ef sifellt væri verið að vísa mönnum af leikvelli með tvær tæknivillur fyrir óprúðmannlega framkomu og taldi rétt að hafa tveggja leikja bann fyrir annað brot eins og verið hefur. Hann taldi eðlilegt að hægt væri að kæra dómarí og sekta fyrir óprúðmannlega framkomu, rétt eins og aðra aðila leiks.

Ólafur Rafnsson taldi lélega dómgæslu ekki geta flokkast sem óprúðmannlega framkomu. Hann svaraði Grétari á þann hátt að réttarstaða áhorfenda á dómarí væri sú sama. Hvorugur gæti kært hinn. Dómarar gætu aðeins kært heimalið, ekki áhorfendur. Varðandi öryggisgæslu taldi Ólafur öryggisgæslu matsatriði sem skoða þyrfti í samhengi í hverju tilfelli. Hann tók undir með Ingvari varðandi leikbönn og taldi eðlilegt að leikmenn fengju þyngri refsingu fyrir annað brot. Hann svaraði Jóni Bender varðandi dómarí og taldi miður að dómaranefnd skyldi ekki hafa séð ástæðu til þess að svara bréfi sínu varðandi endurskoðun reglugerðar aganefndar. Hann sagði þetta tillögur sem ársþingið yrði að taka afstöðu til.

Kolbeinn Pálsson vildi bæta við D-liðinn í fjórðu grein um aganefndarreglur. Vildi setja inn viðbót þannig að málsgreinin hljóði svo: Ef áhorfendur gerast sekir um vitaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum "eða öðrum áhorfendum" er aganefnd heimilt að svípta viðkomandi heimalið heimaleikjum eða sekta það (sjá þingskjal nr. 11).

Ástæðan er sú að t.d. höfum við heyrt það að dómarar í handknattleik eru að hætta að dæma vegna þess að börn þeirra verða fyrir aðkasti áhorfenda. Sagði það góðan hlut að hægt verði að áminna félög í byrjun.

Ragnar Örn Pétursson vildi ræða E-lið tillögunnar. Benti á að í reglum fyrir knattspyrnudómara tíðkast óprúðmannleg framkoma sem vægasta brotið. Sammála Jóni Bender um að skilgreiningin á þessu hugtaki er mjög við. Benti á að spurning hvort eigi að sekta dómarara en leikmenn eru ekki sektaðir. Líka spurning hvort ekki ætti að skipa dómaranefnd öðrum en dómurum. Vildi leggja til að um áminningu verði að ræða en ekki sekt. Verði um alvarlegan hlut að ræða getur stjórn KKÍ eða dómaranefnd tekið málid fyrir og refsað viðkomandi dómarara með því að setja hann í bann eins og leikmenn. Íhugunarefní að virkja dómaranefnd betur, hafa hana ekki eingöngu skipaða dómurum og gæti sett dómarara í bann. Leggur til að sektargreiðslur falli niður.

Helgi Hólms sagði að nausynlegt væri að skilgreina öryggisgæslu mjög vel. Öryggisgæsla verður að vera í lagi. Samræmdar reglur verða að vera til staðar til að vitað sé hvað sé fullnægjandi öryggisgæsla þannig að félög geti gengið að þeim reglum.

Sammála Ragnari að ekki sé ástæða til að fjárekta dómarara. Frekar að setja þá í leikbann eða veita þeim áminningu.

Helgi Bragason vildi ræða e lið greinarinnar. Sagðist ekki sammála Jóni Bender um að dómarara eru ekki hafnir yfir vitaverðrar eða óprúðmannlegrar framkomu. Er efnislega sammála e-liðnum. Ætti að setja vitaverða í stað óprúðmannlega framkomu. Viðurlögini væru að veita viðkomandi dómarara áminningu. Við ítrekað brot verði leikbann. Sektargreiðslu telur hann ekki að eigi heima þarna, a.m.k. meðan það á ekki við um leikmenn. Tillaga um að vitaverðar komi í stað óprúðmannlegrar og viðurlög verði áminning eða leikbann að mati aganefndar (sjá þingskjal nr. 11).

Ólafur Rafnsson fagnaði því að reglur þessar hafi vakið áhuga manna og sumt af því sem fram hefur komið hafi átt að fara fram í allsherjarnefnd. Varðandi sektargreiðslur dómarara þá telur hann að jöfnuðurinn sé að leikmenn fái leikbann og dómarar sektir enda fá dómarar fègreiðslur frá félögunum. Sagði það ekki skipta máli frá sinu sjónarhorni hvort standi vitaverð eða óprúðmannleg framkoma. Það verður svo hlutverk aganefndar að móta regluna. Minnir á að allan vafa skal túlka dómarara í hag.

Þingforseti sagði að ýmsar breytingatillögur hafa komið fram tók fyrir hvern lið fyrir sig og bar upp a lið 4. greinar og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða (sjá þingskjal nr. 11).

Tók fyrir d lið en þar komu fram tvær breytingartillögur, önnur frá Kolbeini (sjá þingskjal nr. 11) hljóðar svo:

i aðra línu "ef áhorfendur gerast sekir um vitaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum starfsmönnum leiks eða öðrum viðstöddum er aganefnd heimilt

Seinni breytingin er viðbót frá allsherjarnefnd. Aganefnd skal meta heimaliði það til málssbóta ef öryggisgæsla telst hafa verið nægjanleg.

Þingforseti bar upp greinina með áorðnum breytingum og var hún samþykkt (sjá þingskjal nr. 11)

Þingforseti tók fyrir e liðinn og sagði að nokkrar breytingatillögur hafa komið fram: Gerist dómarari sekur um óprúðmannlega framkomu gagnvart leikmanni, forsvarsmanni liðs, þjálfara, liðsstjóra, stafsmanni leiks eða öðrum viðstöddum er aganefnd heimilt að veita

viðkomandi dómara áminningu. eða útskurða hann til greiðslu sektar sé brot ítrekað eða alvarlegt. Sekt skal ekki nema hærri greiðslum en kr. 20.000. Allur vafi á kærumálum skv. þessari málsgrein skal metin dómara til sýknu.

Bar upp alla 4. greinina og var hún samþykkt með áorðnum breytingum. (sjá þingskjali nr. 11)

Eftir að þingforseti hafði borið breytingatillögur upp í þrennu lagi og all nokkrar umræður um málið var tillagan samþykkt með áorðnum breytingum (sjá þingskjali nr. 11)

Ingvar Kristinsson fjallaði um 5. greinina um úrskurði aganefndar. Allsherjarnefnd gerði ekki breytingatillögur við þessa grein.

Enginn kvað sér hljóðs og bar þingforseti upp greinina og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ingvar Kristinsson tók fyrir 6. grein um afplánun refsingar. Nefndin telur að F liðurinn eigi ekki heima þarna og að ekki sé hægt að fá annan erlendan leikmann verði sá sem fyrir er settur í bann. Nefndin leggur því til að F-liður falli út.

Þingforseti gaf orðið laust.

Ólafur Rafnsson sagði þetta ákvæði eiga heima í reglugerðinni ef menn vilja hafa svona reglugerð á annað borð því hér er verið að fjalla um öll agabrot innan sambandsins hvort sem menn tala íslensku eða ensku. Hefur komið upp að félög geti haft two mjög góða leikmenn og ef annar fer í bann þá geti liðið notað hinn og því er ekki um neina refsingu að ræða. Bendir á að þó það sé óssangjarnt að ekki sé hægt að fá erlendan leikmann í stað manns sem fær t.d. þriggja mánaða leikbann, þá beri að líta á hverskonar brot það er sem veldur svo löngu leikbanni. Félög verða að bera ábyrgð á sínum leikmönnum og geta ekki tekið upp einhvern fauta sem tannbrýtur 3 eða 4 leikmenn áður en hann er settur í þriggja mánaða leikbann og þá er hann sendur heim og annar fenginn í staðinn og það er allt í lagi. Lagði til að þessi liður verði inni.

Gísli Georgsson sagði að þegar litið er til þess hversu mikilvægir erlendir leikmenn eru og hvert eðli refsingar er í okkar reglum þá getum við ekki bundið þetta við stöðugildi heldur verði þær að vera persónubundnar og því er hann sammála allsherjarnefnd.

Bjarni Steinarsson sagðist allfarið á móti því að þessi grein verði felld út og að tillöguna eigi að samþykka eins og hún er.

Hannes Ragnarsson mælti með því að þessari grein verði vísað frá því félög hafa oft lagt í mikinn kostnað við að ná sér í þessa leikmenn og ef þeir brjóti af sér verði féluginu refsad það mikið að það geti ekki fengið annan leimann í staðinn geti það kostað viðkomandi lið bæði titla og mikla peninga.

Þingforseti sagði að sem fyrrverandi dómari sagði hann að félög voru mjög sek um það að kenna ekki erlendu leikmönnum sínum þær aganefndarreglur sem hér gilda í agamálum.

Þingforseti bar upp hvort F liðurinn verði inn í 6. greininni. Samþykkti þingheimur að fella f-liðinn burtu.

Þingforseti bar upp 6. greinina með áorðnum breytingum (Þingskjal 11) og var hún samþykkt.

Þingforseti bar upp alla reglugerðina með samþykktum áorðnum breytingum og var hún samþykkt. (sjá þingskjal nr. 11)

Þingforseti sagði að breytingar þyrfti að gera á lögum þannig að 14. liður í 8. grein verði kosning tveggja manna í aganefnd og tveggja til vara og 15. liður verði kosning þriggja aðila í félagaskiptanefnd og þriggja til vara. 14. verði 16. osfrv. (sjá þingskjal 12)

14. liður 8. greinar verði kosning tveggja manna í aganefnd og tveggja til vara. Samþykkt.

15. liður 8. greinar verði kosning þriggja aðila í félagaskiptanefnd og þriggja til vara. Samþykkt.

14. liður verði 16. liður 15. liður verði 17. liður osfrv.

Ingvar Kristinsson tók fyrir þingskjal nr. 4 því það gengur lengst. Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

Þingforseti bar upp þingskjal nr. 4 til atkvæða og var tillagan felld.

Ingvar Kristinsson sagði nefndina vilja leggja til við þingið að 33. ársþing KKÍ haldið í Keflavík 7. - 9. maí samþykkir að greiðslur til erlendra leikmanna í úrvvalsdeild fari ekki yfir 2000 dollara í úrvvalsdeild og ekki yfir 1500 dollara í 1. deild. Er ályktun sem verður tekin undir önnur mál (sjá þingsályktun nr. 1).

Ingvar Kristinsson sagði nefndina hafa verið sammála um að bera upp þingskjal nr. 3 í tvennu lagi. Allsherjarnefnd leggur til að fyrri hlutinn sem fjallar um að banna erlenda leikmenn verði felldur.

Þingforseti bar upp tillöguna (sjá þingskjal nr. 3, 1. grein) og var hún felld.

Ingvar Kristinsson tók fyrir síðari hluta tillögunnar. Sagði að nefndarmenn væru hliðhollir því að leikmenn gætu skipt niður um deild. Nefndin var með breytingartillögu. Hafi erlendur leikmaður leikið með íslensku félagsliði á tímabilinu 1. september til 15. ágúst í mótum sem viðurkennd eru af KKÍ, er honum óheimilt að skipta um félag sem á þessu tímabili leikur í sömu deild eða í deild fyrir ofan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendum leikmanni er heimilt, með samþykki þess félags sem hann spilaði síðast hjá að skipta um félag hérlandis sem á þessu tímabili leikur í deild fyrir neðan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendur leikmaður sem óskar félagsskipta verður löglegur með hinu nýja félagi einum mánuði eftir móttöku beiðni um félagaskipti á skrifstofu KKÍ. Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði er félag tekur þátt í Evrópukeppni. (sjá þingskjal nr. 13).

Þingforseti gaf orðið laust.

Pétur Hrafn Sigðurðsson vildi benda á að það taki mánuð að verða löglegur. Vildi að það verði ákveðin tímasetning á því hvenær hægt er að skipta um félag t.d. 15. desember eða 15. febrúar og að menn geti ekki skipt um félag eftir þann tíma því það getur gerst að félag sem fer í úrslitakeppni 1. deildar getur fengið leikmann hjá félagi sem siglir lygnan sjó í úrvvalsdeildinni og hefur jafnvel lokið flestum sínum leikjum. Finnst eðlilegt að banna félagaskipti erlendra leikmanna eftir 15. desember til að samræmi sé við innlenda leikmenn.

Þingforseti las upp tillögu allsherjarnefndar (sjá þingskjal nr. 13).

Ingvar Kristinsson sagði þetta vera góða ábendingu frá Pétri og við leysum málið með því að bæta aftan við "Öll félagaskipti erlendra leikmanna eftir 15. desember verða óheimil

Þingforseti bar upp tillöguna með breytingum (sjá þingskjal nr. 14) og sagði að það væri sinn skilningur og annara að hér væri fjallað um félagaskipti erlendra leikmanna en ekki væri verið að banna það að lið skiptu um útlendinga eða fengju sér nýja útlendinga í janúar eða febrúar.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði það slæmt þegar í ljós kæmu gallar á tillögum á síðustu stundu og að tillögur væru að koma fram á síðustu stundu. Til að mynda hefði komið fram hugmynd nú áðan, hvort hægt sé að flytja erlendan leikmann til Færeys til 15. desember, skrá hann þar og flytja hann aftur til landsins og þannig að fara fram hjá reglunum.

Þingforseti sagði það út í hött að sami leikmaður geti farið út fyrir landsteinana og komið aftur.

Ingvar Kristinsson sagði að ekki væri um breytingu að ræða frá fyrri reglugerð þar sem þar er klárt að ekki er hægt að skipta um félag á keppnistímabilinu þannig að hér er ekki um breytingu að ræða þannig að við höfum allir haft þann skilning að það er ekki hægt að fara til Færeys og koma aftur til landsins. Er sammála því að reglugerðin um erlenda leikmenn þarfnað endurskoðunar.

Ólafur Rafnsson sagði að hér væri að koma upp atriði sem menn eru e.t.v. ekki klárir á og það hafi vakað fyrir Pétri að benda á það. Telur æskilegast að athuga þetta mál i viðu samhengi og jafnvæl hlutverk félagaskiptanefndar í því efni. Það er ekki skilgreint ennþá í sambandi við erlenda leikmenn. Ef menn eru tilbúin til að fella tillöguna á þessum forsendum og samþykka ályktun um málið í matarhléinu sem gæti verið stefnt að á næsta þingi. Leggur til þessa málsmeðferð.

Ingvar Kristinsson sagði það ágætt mál að endurskoða reglugerðina. En benti á að ef reglugerðin er samþykkt þá gildir það bara til næsta ársþings og hægt að breyta reglugerðinni þá. Það er ekki verið að gera neina stórkostlega breytingu ef allir leggja sama skilning í málið og allsherjarnefnd hefur gert. Leggur til að tillaga Allsherjarnefndar verði samþykkt.

Þingforseti bar upp 4. grein með áorðnum breytingum (sjá þingskjal nr. 14). Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Ingvar Kristinsson þakkaði allsherjarnefndinni góð og mikil störf og þeim einstaklingum sem tóku þátt í störfum nefndarinnar.

Þingforseti gaf matarhlé til kl. 13.15.

Þingforseti bauð menn velkomna aftur á þingið og gaf Helga Hólm orðið.

Helgi Hólm bauð þingfulltrúum á leik í stúlknafllokki sem fram fer kl. 15.00 - 16.00.

Laga og leikreglnanefnd

Gísli Georgsson tók fyrir tillögu nr. 1 á þingskjali nr. 1. Tillagan verður borin upp með leyfi forseta í þeirri röð sem þær eru tekna fyrir og hvert efnisatriði fyrir sig.

Nefndin leggur fram breytingartillögu við tillögu Sigurðar Hjörleifssonar (sjá þingskjal nr. 15). Las upp tillögu nr. 1 sem er breyting á lið nr. 6.

Tōluverðar umræður urðu í nefndinni um hvernig aldursskiptingu væri best háttáð í kvennaflokkunum. Ókosturinn við tillöguna er sá að hafa 15 og 16 ára stúlkur yrðu saman í stúlknaflokk. Sé litið til skólaársins þá eru 15 ára stúlkur í grunnskóla en 16 ára í framhaldsskóla. Viða úti á landi er málum þannig háttáð að ekki er framhaldsskóli í bænum og því skapar þessi aldursskipting vandamál. Skiptingin sem laga og leikreglnanefnd vill því halda í gamla fyrirkomulagið, með litlum breytingum þannig að 8. flokkur sé tveir árgangar en ekki einn eins og hann er í dag. Annað atriði er að með þessum hætti er stefnt að samræmingu við aldursskiptingu hjá strákunum og þegar fjöldi iökenda í kvennaflokkum leyfir, þá verði tekin upp sama aldursskipting. Lagði til að aldursflokkarnir verði afgreiddir fyrst og leiktíminn síðar.

Þingforseti gaf orðið laust, enginn kvað sér hljóðs þannig að forseti bar upp tillögu Sigurðar og var hún felld (sjá þingskjal nr. 1 lið 1).

Þingforseti bar upp breytingartillögu laga og leikreglnanefndar (Sjá þingskjal nr. 15) og var hún samþykkt.

Gísli Georgsson tók þá fyrir síðari hluta tillögu nr. 1 um leiktíma. Nefndin var sammála um að hafna tillögum Sigurðar, hins vegar taldi nefndin rétt að samræma reglur í flokkum stúlkna og drengja. (Sjá þingskjal nr. 15 um breytingar á leiktíma). Enn fremur að boltastærðir verði færðar niður í 8. flokki karla og kvenna um eitt númer og umfjöllun um hæð körfu og boltastærðir verði allar settar undir grein 6 en ekki að hluta í grein 10 eins og verið hefur. Jafnframt er lagt til að bónusstigaregla gildi á sama hátt í 8. flokki kvenna og í 7. og 8. flokki karla. (sjá þingskjal nr. 15).

Þingforseti bar upp tillögu laga og leikreglnanefnar og var hún samþykkt (sjá þingskjal nr. 15).

Gísli Georgsson tók fyrir tillögu nr. 2 frá Sigurði Hjörleifssyni og sagði nefndina efnislega sammála henni. Laga og leikreglnanefnd hefur gert orðalagsbreytingar á tillöggunni (sjá þingskjal nr. 16) og mælir með því að tillaga nefndarinnar verði samþykkt.

Þingforseti las upp tillöguna og bar hana undir atkvæði. Var hún samþykkt.

Gísli Georgsson tók þá fyrir tillögu nr. 3 frá Sigurði Hjörleifssyni sem fjallaði um fjölgun á yngriflokkum mótaum og tímalengd. Nefndin leggur til að þetta verði ekki samþykkt, nema hvað snertir lengingu keppnistímabilis, þ.e. að fjölliðamót geti farið fram í október til apríl. Pannig er gefinn möguleiki á að hafa tvö fjölliðamót fyrir áramót.

Þingforseti bar upp tillögu Sigurðar Hjörleifssonar (sjá þingskjal nr. 1) og var hún felld.

Þingforseti bar upp tillögu nefndarinnar (sjá þingskjal nr. 17) og var hún samþykkt.

Gísli Georgsson tók fyrir tillögu varðandi úrslitakeppni í stúlknaflokk, þetta atriði datt út úr reglugerð en átti alltaf að vera þar og því telur nefndin að það beri að samþykkja tillöguna,

enn fremur leggur nefndin til að samþykkt verði tillaga Sigurðar um skipulag varnarleiks í yngri flokkum þó með þeim breytingum að í 8. 7. aldursflokki karla og í 8. aldursflokki kvenna er einungis heimilt að leika maður á mann vörn en á eigin sóknarhelmingi er þó heimilt að leika hvaða vörn sem er (sjá þingskjal nr. 17). Breytingin er sú að í 9. flokki má leika hvaða vörn sem er.

Pingforseti bar upp tillögu nefndarinnar í tvennu lagi og var hún samþykkt. (sjá þingskjal nr. 17).

Gísli Georgsson tók fyrir tillögu nr. 4 um keppni í fyrsta flokki kvenna. Nefndin leggur til að þessi tillaga verði samþykkt (sjá þingskjal nr. 18).

Pingforseti bar tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt.

Gísli Georgsson tók fyrir tillögu nr. 5 um keppni í MB 10 ára og yngri. Nefndin leggur til að Sigurðar Hjörleifssonar verði felld, en þingið samþykki eftirfarandi þingsályktun.

Ársþing KKÍ haldið í Keflavík 1993 ályktar að beina þeim tilmælum til stjórnar(sjá þingsályktun nr. 2).

Það getur verið erfitt að festa keppnisstað í keppnum sem þessum í mótabók. svo er ekki í öðrum mótum og því telur nefndin ekki ástæðu til þess. Teljum að efnislega sé tillagan góðra gjalda verð en ekki sé tilefni til þess að þvinga fram slikt með reglugerð.

Gísli sagði nefndina leggja til að þingið samþykki eftirfarandi ályktun um endurskoðun á reglugerð um körfuknattleiksmót (sjá þingsályktun nr 3).

Pingforseti bar upp tillögu Sigurðar Hjörleifssonar til atkvæða og var hún felld.

Pingforseti bar upp þingsályktanir frá laga og leikreglnanefnd (sjá þingsályktanri 2 og 3) og voru þær samþykktar.

Gísli Georgsson tók þá fyrir tillögu nr. 6. Lagði nefndin til að tillagan verði samþykkt (sjá þingskjal nr. 19).

Helgi Hólm þakkaði Sigurði Hjörleifssyni fyrir mikla vinnu sem hann hefur lagt í þessar tillögur. Hann hnýtur þó um setningu í greinargerðinni að í 2. deild leiki nokkur lið sem kalla megi "Old boys" lið og í niðrandi merkingu. Má skilja svo að "Old Boys" lið séu ekki velkomin í þessa keppni og þeir sem þar leika eigi að snúa sér að einhverju öðru. Það er mikill áhugi meðal þessara manna og því er þetta dálitið stingandi.

Pingforseti bar upp tillöguna og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Gísli Georgsson sagði nefndina vilja koma fram með tillögu að þingsályktun sem miðar að því að stjórn KKÍ og mótanefnd hafi forgöngu að því að stofna til B-liðakeppni sem yrði landshlutaskipt, og í henni tækju þátt félög sem hefðu möguleika á að senda fleiri en eitt lið til keppni. (sjá þingsályktun nr. 4). Þarna gefst tækifæri til að veita fleirum möguleika til að spila og að munurinn á milli liða er ekki mjög mikill. Enn fremur er hægt að fá félög sem ekki treysta sér í núverandi A-liðakeppni til að byrja í B-liða keppninni og fá þannig trú á sjálfum sér og eflast til frekari átaka í framtíðinni.

Stefán Ingólfsson sagði að þessi tillaga leysi mjög knýjandi vandamál, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Vildi varpa fram þeirri hugmynd um að leyfa skólaliðum að taka þátt þar sem það gæti fyllt upp í svæðiskeppni úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu kæmu fleiri iðkendur inn og myndi valda þrýstingi á félög þar til að stofna körfuknattleiksdeild.

Vildi fá breytingu á þingsályktuninni þannig að skólanir væru inni í dæminu.

Þingforseti sagði þetta verða fært inn í fundargerð og því gæti þessi hugmynd Stefáns komist á framfæri þannig við viðeigandi aðila.

Gísli Georgsson sagði að það að hafa tillöguna í þingsályktunarformi er sú að hafa þetta nægilega sveigjanlegt til að gefa stjórn KKÍ og mótanefnd tækifæri til að hafa allt inn í sem menn telja skynsamlegt og telur að þessi rammi rúmi hvað sem er innan skynsamlegra marka.

Kolbeinn Pálsson sagði að sem formaður á næsta ári skuli hann fylgja þessu eftir á næsta ári því ég tel þessa tillögu mjög góða og vona að það nægji Stefáni.

Þingforseti bar þá upp þingsályktunina og var hún samþykkt.

Gísli Georgsson tók þá fyrir þingskjal nr. 5 lið 1. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt efnislega með eftirfarandi breytingum (sjá þingskjal nr. 20). Gísli taldi eðlilegt að hafa inn í reglugerð "af öðrum gildum ástæðum".

Í öðru lagi leggur nefndin til að liður 2 verði samþykktur.

Þingforseti bar upp tillögu nefndarinnar og var hún samþykkt.(sjá þingskjal nr. 19).

Gísli Georgsson tók þá fyrir Þingskjal nr. 6 og lagði til að þessi tillaga verði samþykkt. Enn fremur lagði nefndin til breytingartillögu við 15. greinina varðandi drátt liða í bikarkeppni, rétt til heimaleikja og staðsetningu á úrslitaleik. Enn fremur breytingu varðandi úrslitaleik í 1. aldursflokki karla og kvenna.(sjá þingskjal nr. 21).

Ástæðan er sú að t.d. landfræðilega sé það hagstætt að leikurinn fari fram annarstaðar en í Laugardal, t.d. ef tvö lið af Austfjörðum komast í úrslit. Í öðru lagi að ef það er bundið í reglugerð að leikurinn fari fram í Laugardal þá skerðir það samningsstöðu KKÍ og félaganna varðandi peningamál og leigu fyrir húsið.

Þingforseti bar upp tillöguna á þingskjali nr. 6 og var hún samþykkt.

Þingforseti sagði tillögur nefndarinnar á breytingum á 15. grein vera til umræðu.

Kolbeinn Pálsson ræddi um bikarkeppna og þá aðferð sem notuð er við dráttin, en hún er flókin, ef til vill of flókin og því mælir hann með því að þessi tillaga verði samþykkt á þessu þingi.

Þingforseti bar upp tillögurnar í tvennu lagi og voru þær samþykktar.

Gísli Georgsson tók fyrir þingskjal nr. 9 og sagði nefndina mæla með því að tillagan verði feld eftir miklar umræður. Nefndin lagði hins vegar fram eftirfarandi þingsályktun til samþykktar þar sem segja má að þetta mál sé ekki útrætt og því e.t.v. nú kominn tími til að endurskoða málið og jafnvel ganga lengra. (sjá þingsályktun nr. 5). Núverandi fyrirkomulag hefur gengið mjög vel þar til e.t.v. hafi úrslitakeppnin orðið dálitið snubbótt og keppnin í a.m.k. öðrum riðlinum. Sumt af þessu má lækna með því að fjölga liðum úr 4 í 8 sem þátt taka í úrslitakeppninni. Á móti kemur að álit margra er að vægi deildarkeppninnar myndi minnka. Það þarf þó ekki að vera því að með 8 lið í úrslitum myndi hvert einasta sæti skipta máli í riðlunum.

Pingforseti gaf orðið laust. Sagði mjög kjánalegt að ekki gildi sömu reglur fyrir topp og botn í riðlakeppninni. Munurinn er að neðsta liðið fellur og næstneðsta liðið leikur við lið i öðru sæti í 1. deild. Það er ekki svo í toppnum, þar komast tvö efstu liðin úr hvorum riðli í úrslit burt séð frá því hvort þau hafi flest stigin eða ekki.

Pingforseti bar upp þingskjal nr. 9 og var það fellt

Pingforseti bar upp þingsályktun nr. 5 frá laga og leikreglnanefnd og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Pingforseti þakkaði öllum nefndarmeðlimum góð störf og þá sérstaklega laga og leikreglnanefnd sem skilaði öllum sínum tillögum á pappír sem er til fyrirmynadar.

10. ÖNNUR MÁL.

Pingforseti tók þá fyrir liðinn önnur mál og las upp þingsályktun frá Ingvari Kristinssyni og allsherjarnefnd um greiðslur til erlendra leikmanna (sjá þingsályktun nr. 1).

Gísli Georgsson sagði að þingheimur verði að gera sér grein fyrir því að ógjörningur er að hafa eftirlit með að þessi þingsályktun sé virt. Því ætti að breyta ályktuninni þannig að hér verði um viðmiðun að ræða en ekki ófrávirkjanleg regla.

Hannes Ragnarsson sagði hugmyndina vera að þetta væri ekki eitthvað sem menn þyrftu að binda sig við heldur ætti að hafa til viðmiðunar. Þetta getur orðið til þess að hætt verði að hafa okkur félögin að féþúfu og því góð viðmiðun.

Grétar Pálsson vildi þakka Keflvíkingum fyrir góðar móttökur og óskaði eftir því að þeir færí þakklæti frá Snæfellingum til þeirra aðila sem tóku á móti okkur í gær. Pótti lett að fleiri skuli ekki hafa séð sér fært að fara þessa skoðunarferð. Það er mikið á sig lagt við undirbúning. Það er verið að fá óskilda aðila til að taka þátt í starfi okkar með því að kynna starfsemi sína og við eigum að leggja okkur fram að sýna þessu fólk og þeirra starfi áhuga því þetta eru þeir aðilar sem við erum að leita til. Betri er Haukur í horni. Grétar vildi óska stjórni KKÍ til hamingju með nýja húsnaðið. Það er virkilega huggulegt þangað að koma. Það er allt annað að koma þangað heldur en í gömlu kompuna og sjá draslið hjá Pétri. Þjónustan hefur batnað að mun með tilkomu þess og nýs starfsmanns. Þetta ber að þakka og virða. Við ræddum um siðferðisstuðulinн annarsvegar hjá dómurum og leikmönnum og öðrum og borinn saman stuðullinn hjá knattspyrnu og körfuknattleik. Við eigum að hafa siðferðisstuðulinн hjá okkur háan, sérstaklega í yngri flokkum. Við eigum að taka á brotum og óprúðmannlegri framkomu í yngri flokkum og þá ekki síst utan vallar. Því miður hefur það komið upp að skemmdir hafa verið unnar á húsnaði sem lánað er til gistingar.

Pingforseti tók undir ræðu Grétars. Sagði það hafa komið fram hjá Hannesi að þessi tillaga sé frekar hugsuð sem ábending frekar en tillaga og tók málið þannig fyrir.

Pingforseti gaf Kolbeini Pálssyni orðið.

Kolbeinn Pálsson kynnti hugmyndir sem verið er að vinna að innan ÍSÍ. Sagði ÍSÍ æðsta vald íþróttahreyfingarinnar. Á þingi ÍSÍ eru sérsambond innan ÍSÍ i miklum minnihluta. Við höfum litið svo á að ÍSÍ sé málsvari sérsambandanna hvað varðar fjárveitingar frá ríkisvaldinu. Sérsambond líta svo á að samkvæmt skipulaginu koma fjárveitingar til handa bandalögum og félögum frá sveitarfélögum en ekki ríkisvaldinu. Við segjum að ÍSÍ eigi að

berjast fyrir fjárveitingum handa sérsamböndunum frá ríki og í gegn um lotto. Að álti sérsambanda hefur ÍSÍ ekki staðið sig nægilega vel. Ákvörðun um lottogreiðslur til sérsambanda er tekin á ÍSÍ þingum og þar eru sérsamböndin í miklum minnihluta og því hægt fyrir héraðsbandalögin að þurka út lottogreiðslur til sérsambanda á einu þingi. Tillögur til breytinga hafa ávallt verið felldar. Tillögur hafa komið fram frá Ellert B. Schram forseta ÍSÍ um að tengja saman ÍSÍ og Olympíunefnd Íslands sem er stjórnað af sérsamböndunum. Að forseti beggja verði sá sami. Tillögurnar byggjast á því að sérsambond hafi 60 fulltrúa og héraðsbandalög 60 fulltrúa á ÍSÍ þingi. Kolbeinn sagði frá því að tillögur hans séu að þessu sameiginlega batteríi sem yrði sett á stofn verði skipt upp í annarsvegar sérsambond og Olympíunefnd með sérstjórn og hins vegað bandalögin og félögini með sérstjórn og svo verði þing og samandsstjóarfundir sameiginlegir þar sem tekið verður á sameiginlegum málum. Ástæðan fyrir því að ég tel heppilegt að hafa þessa skiptingu er sú að Olympíunefndin og sérsamböndin eiga að hafa sjálfstæða fjárveitingu frá ríkinu í gegn um ÍSÍ sem ekki á að tengja saman í einum potti. Sagði að hann hafi viljað undir þessu lið kynna þingfulltrúum þessi mál sem eru í brennidépli í dag.

Þingforseti las upp tillögu um að þegar liðnum önnur mál er lokið þá gangi þingfulltrúar í iþróttahúsið og fylgist með leik ÍBK og UMFN í stúlknaflokki. Þingfulltrúar samþykktu með lófaklappi.

Þingforseti gaf Pétri H. Sigurðssyni orðið varðandi drátt í riðla.

Pétur Hrafni Sigðursson sagði það hefð að draga í riðla í úrvalsdeild og í 1. deild karla undir liðnum önnur mál og að þingforseti dragi í riðlana. Riðlaskipting í 1. deild er eftirfarandi:

Í A-riðli 1. deilda eru: UBK, ÍS og UFA

Í B-riðli 1. deilda eru: ÍR, Höttur og Leiknir

Þau lið sem dregin verða í riðlana eru Þór og Reynir.

Þingforseti dró í riðlana og lenti Þór í A-riðli og Reynir í B-riðli.

Þingforseti dró í riðla í úrvalsdeildinni

A-riðill: ÍBK, Snæfell, Valur og ÍA

B-riðill: Haukar, UMFN, KR, og UMFT

Þingforseti dró í riðlana og lenti Skallagrímur í A-riðil og UMFG í B-riðil.

Þingforseti frestaði þinghaldi í 30 mínútur svo þingfulltrúar gætu horft á leik ÍBK og UMFN í stúlknaflokki.

Þingforseti bauð þingfulltrúa velkomna aftur til þings og gekk til dagskrár.

11. KOSNING FORMANNS.

Ekki bar að kjósa til formannst á þessu þingi.

12. KOSNING ÞRIGGJA MEÐSTJÓRNENDA OG ÞRIGGJA TIL VARA.

Þingforseti gaf Pétri Hrafni orðið.

Pétur Hrafni Sigðurðsson stakk upp á Jóni Þór Hannessyni, Erlu Sveinsdóttur og Ólafi Rafnssyni sem aðalmönnum í stjórn næstu tvö árin og var það samþykkt með lófaklappi.

Pétur Hrafn Sigðurðsson stakk upp á Ólafi Johnson, Sólrúnu Rafnsdóttur og Helga Bragasyni í varastjórn og var það samþykkt með lófaklappi.

13. KOSING EINS MANNS Í KÖRFUKNATTLEIKSDÓMSÓL OG EINS TIL VARA.

Pétur Hrafn Sigurðsson stakk upp á Hilmari Hafsteinssyni sem aðalmanni í körfuknattleiksdómstólinn og Inga Gunnarssyni til vara og var það samþykkt með lófaklappi

14. KOSNING TVEGGJA MANNA Í AGANEFND KKÍ OG TVEGGJA TIL VARA.

Pétur Hrafn Sigurðsson stakk upp á Ágústi Jóhannessyni og Hrafn G. Johnsen sem báðir hafa setið í nefndinni. Varamenn Haukur Hannesson og Ingimar Ingason og var það samþykkt með lófaklappi.

15. KOSNING PRIGGJA MANNA Í FÉLAGASKIPTANEFND OG PRIGGJA TIL VARA.

Pétur Hrafn Sigurðsson bar upp tillögur um menn í félagaskiptanefnd. Bjarni Steinarsson, Brynjar Nielsson og Sveinn Ævarsson. Varamenn: Kristinn Jörundsson, Hilmar Magnússon og Elínborg Guðnadóttir

Þingforseti bar upp þessa tillögu og var hún samþykkt með lófaklappi.

16. KOSNING TVEGGJA ENDURSKOÐENDA KKÍ

Pétur Hrafn Sigurðsson bar upp tillögur um endurskoðendur KKÍ. Águst Jóhannesson og Guðrún Ólafsdóttir

Þingforseti bar upp tillöguna og var hún samþykkt með lófaklappi.

17. KOSNING FULLTRÚA Á ÍPRÓTTAÞING.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði það hefð að þing KKÍ hafi vísað þessari tillög til stjórnar KKÍ.

Þingforseti bar upp þessa tillögu og var hún samþykkt.

18. ÞINGFUNDAGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR.

Þingforseti lagði til að eins og undanfarin ár verði þingfundagerðir ekki upp lesnar heldur verði fundargerð send félögum til upplýsingar. Var það samþykkt með lófaklappi.

19. ÞINGSLIT.

Þingforseti þakkaði fyrir sig og þingfulltrúum góð þingstörf og gaf Kolbeini Pálssyni formanni KKÍ orðið.

Kolbeinn Pálsson vildi byrja á að þakka Keflvikingum og Helga Hölm góð störf við undirbúning og skipulagningu á þinginu. Enn fremur vildi hann nota tækifaðið til að þakka forseta þingsins frábær störf og fundarstjórn og bað þingheim að rísa á fætur og klappa fyrir þessum aðilum. Kolbeinn vildi þakka liðinni stjórn árið og þá sérstaklega Ægi Ágústssyni sem nú hverfur úr stjórninni og bauð Erlu Sveinsdóttur velkomna í stjórnina og þá

nefndarmenn sinni kósnið hafa verið til að starfa með stjórninni á komandi ári. Við þingfulltrúa vildi hann segja að stjórnin væri kósin til að þjóna ykkur af bestu getu. Framtíðin er hjört fráimundan og við munum halda áfram að fylgja eftir uppgangil körfuboltans. Vildi óska þingfullrúum bjartrar framtíðar og sleit við svo búið þinginu.



Kristbjörn Albertsson
Þingforseti



Pétur Hrafn Sigurðsson
Þingritari

PINGSKJAL NR. 1**Tillaga nr. 1. Breyting á 6 grein.**

Körfuknattleiksmönnum er skipt í flokka sem hér segir:

A) Konur:

1. aldursflokkur 20 ára og eldri
- Unglingaflokkur 17, 18, og 19 ára
- Stúlknaflokkur 15 og 16 ára
9. flokkur kvenna 13 og 14 ára
- Minnibolti 12 ára
- Minnibolti 11 ára og yngri

B) Karlar:

... Ekki er heimilt að færa leikmenn milli liða á meðan að keppnisriðlar (fjölliðamót) standa yfir hverju sinni.

Leiktími í opinberum körfuknattleiksmótum og leikjum er:

Konur:

1. aldursflokkur: 40. mín. 20 mín. hvor hálfleikur og 10 mín. hlé
- Unglingaflokkur: 36 mín. 18 mín. hvor hálfleikur og 5 mín. hlé
- Stúlknaflokkur: 32 mín. 16 mín. hvor hálfleikur og 5 mín. hlé
9. flokkur: 32 mín. 16 mín. hvor hálfleikur og 5 mín. hlé

Karlar:

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr 15).

Tillaga nr. 2. Breyting á 7. grein.

...Öllum leikmönnum yngri....reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Sjö (7) leikjahæstu menn í meistaraflokki á hverju keppnistímabili mega ekki keppa með 1. aldursflokk. Séu þeir fleiri en þrír með janfmarga leiki í 7. sæti má aðeins nota tvo þeirra í 1. aldursflokk. Þó er öðrum en 5 leikjahæstu leikmönnum í 2. deild karla heimilt að leika með 1. flokki.

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 16)

Tillaga nr. 3. Breyting á 10. grein.

Taki einn deildaðili ekki þátt í kepnninni, fellur hann sjálfkrafa niður um eina deild.

A) í 7. 8. 8. og 10. aldursflokk, drengjaflokki, stúlknaflokk og unglingsflokk kvenna, svo og minniboltaflokkum skal skipta liðum í 4 - 6 liða riðla þar sem þátttaka leyfir. Stefnt skal að því að drengjaflokkur, 8. flokkur drengja og 9. flokkur stúlkna leiki saman um helgi, 10. flokkur drengja, 7. flokkur drengja, unglingsflokkur kvenna og minnibolti stúlkna 12 ára og

yngri um aðra, 9. flokkur drengja, stúlknaflokkur og minnibolti drengja 11 ára og yngri um þá þriðju. Keppni þesi skal fara fram á tímabilinu október til apríl. Í riðlunum skal leikið laugardag og sunnudag, ef með þarf skal einnig leikið á föstudagi.

Í þeim flokkum þar sem þátttaka leyfir two eða fleiri riðla skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli. Í drengjaflokki, 10. flokki og unglingsflokki skal leika í A-riðlum 5 sinnum á keppnistímabilinu og 4 sinnum í öðrum riðlum eina helgi í senn. Í öðrum flokkum skal leika í A-riðlum fjórum sinnum og þrisvar í öðrum riðlum. Í minnibolta skal leika þrisvar á keppnistímabilinu. Ef þátttaka er það lítil að aðeins er hægt að hafa einn riðli þá er leyfilegt að leik aþrisvar sinnum á keppnistímabilum í þeim flokkum.

Eftirfarandi færslur skulu vera ...

...i) ef leikið er í einum riðli þá er það lið Íslandsmeistari sem hlýtur flest stig samanlagt úr öllum umferðum.

ii) Ef leikið er í fleiri en einum riðli þá er það lið Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð nema í drengjaflokki, stúlknaflokk, unglingsflokki kvenna 10. flokki drengja og 9. flokki drengja. Þar skal leikin úrslitakeppni um

... Í öllum flokkum kvenna sakl leikið með kvennabolta.

Í 8. og 7. flokki drengja og í 9. flokki stúlkna er einumgis heimilt að leika maður á mannvörn en á eigin sóknarhelmingi mál leika hvaða vörn sem er.

Í fjölliðamótum er heimilt að hafa 12 leikmenn á leikskýrslum.

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 17)

Tillaga nr. 4. Breyting á 10. grein.

..4) Ef fjöldi liða er 13 ... er Íslandsmeistari. Stjórn KKÍ skal standa fyrir sérstakri keppni í 1. aldursflokki karla og kvenna verði þátttaka næg.

C) Stjórn KKÍ skal í samráði

Samþykkt (sjá þingskjal nr. 19).

Tillaga nr. 5 (breyting á 10. grein).

..C) Stjórn KKÍ skal ... keppni þessarar.

Stjónr KKÍ er heimilt að ákveða að ekki verði keppt um Íslandsmeistaratil í flokki minnibolta 10 ára og yngri. Í staðinn skal stjórn KKÍ skipa nefnd til að annast keppnishald fyrir þann flokk ásamt keppni fyrir stráka 9 ára og yngri. Í þessu móti skal einnig keppa í flokki stúlkna 11 ára og yngri. Stefnt skal að því að halda a.m.k. tvö móti í þessum aldursflokkum á vegum KKÍ á keppnistímabilinu. Þessi móti skulu vera auglýst í handbók KKÍ og þar skal koma fram keppnisstaður og keppnistími. Ekki skal veita verðlaun fyrir sigur í mótinu, en í samáði við minniboltanefnd skal veita viðurkenningaskjal fyrir þáttöku.

Felld (sjá þingsályktunartillögu nr. 2)

Tillaga nr. 6 (breyting á 15. grein)

Grein þessi fjallar um Bikarkeppni KKÍ, sem haldin er í eftirtöldum flokkum: ..

...Lið nr. 1 leikur við lið nr. 2... Það lið sem sigrar kemst áfram í næstu umferð. Þau lið sem taka þátt í Bikarkeppni 1. aldursflokk karla og keppa um 6 lausu sætin skulu byrja á því að taka þátt í svæðisskipri bikarkeppni. Svæðin skulu vera 4. Vestfirðir/vesturland, Reykjanes/Reykjavík/Suðurland, Norðurland og Austurland. Á hverju þessara svæða skal leika með bikarkeppnisfyrirkomulagi uns eitt lið er eftir á hverju svæði, nema í Reykjanes/Reykjavík/Suðurland svæðinu, þar skal leika uns þrjú lið eru eftir. Mótanefnd KKÍ er heimilt að fjölga eða fækka svæðum og breyta þeim fjölda liða sem kemst úr hverju svæði í 16 liða úrslitin ef ástæða þykir til vegna þátttöku.

Lið sem mætir ekki til leiks í bikarkeppni án gildra ástæðna að mati mótanenfdar fellur samstundis úr keppni....

Sigurður Hjörleifsson

Samþykkt (sjá þingskjal nr. 19)

Greinargerð með framangreindum tillögum.

Tillaga nr. 1

Hugsunin með fyrstu tillöggunni er að efla yngri flokka starf i körfuknattleik. Síðustu árin hafa orðið miklar framfarir í yngri flokkum í kvennakörfuknattleik. Þátttakendum hefur fjölgæð og leikmenn hafa tekið miklum fraförum. Árið 1960 var fyrst byrjað að leika í yngri flokkum kvenna á Íslandsmótinu í körfuknattleik, en þá var byrjað að leika í 2. flokki kvenna (unglingaflokkur kvenna). Árið 1973 var byrjað að leika í 3. flokki kvenna (stúlknaflokkur). Árið 1989 var byrjað að leika í minnibolta kvenna (stúlkur 12 ára og yngri) og árið 1992 var stofnaður 8. flokkur kvenna. Í dag stendur KKÍ fyrir skipulagðri keppni í yngri flokkum drengja á aldrinum 10 til 21 ára. KKÍ stendur fyrir skipulagðri keppni í yngri flokkum stúlkna á aldrinum 12 til 19 ára. Til bess að kvennakörfuknattleikur geti haldið áfram að þróast á Íslandi þá þarf skipulögð keppni í yngri flokkum að ná yfir fleiri árganga. Hægt er að fjölga árgöngum með því að fjölgæð flokkum og/eða breyta aldursskiptingu. Þessar tvær aðferðir hafa sína kosti og galla. Að mínu mati ætti í framtíðinni að vera sama aldurs og flokkaskipting hjá drengjum og stúlkum. Á meðan þessi framtíðarsýn hefur ekki ræst, þá þarf að þróa flokka- og aldursskiptingu í kvennaflokkum áfram eins og gert hefur verið síðustu ár. Ég legg til að í staðinn fyrir 8. flokk stúlkna komi nýr flokkur, 9. flokkur stúlkna. Í 9. flokki stúlkna verði því tveir árgangar saman í staðinn fyrir einn og aldurstakmarkið í unglingsflokk og stúlknaflokk færst upp um eitt ár. Ég sé two galla við þetta fyrirkomulag, stúlkur sem koma upp úr minnibolta þurfa að keppa við stúlkur einu ári eldri til að komast í lið í 9. flokki stúlkna og leikmenn í stúlknaflokk eru í framhaldsskóla og grunnskóla. Þess ber að geta að í flestum liðum í dag í 8. flokki stúlkna var stór hluti leikmanna úr minnibolta. Kostirnir við þetta fyrirkomulag er það að stúlkur muni leika eitt ár lengur í yngri flokkum og auðveldari verður að manna lið í 9. flokki í stað 8. flokks áður.

(Hægt væri að hugsa sér aðra lausn en hún er ða bæta einu ári við fyrir neðan 8. flokk og láta stelpur í minnibolta vera 11 ára og yngri(ef þetta yrði gert þá þyrfti að láta stelpur í 8. flokki leika með minnibolta á stórar körfur)).

Seinni hluti tillögunnar er á þann veg að samræma tímalegnd í yngri flokkum drengja og stúlkna (og er þá miðað við aldursskiptingu ein og hún kemur fram í fyrri hluta tillögurnnar).

Tillaga nr. 2

Hugsunin með þessari tillögu er að gefa minni spámönum í meistaraflokki kost á því að leika körfuknattleik og að bæta gæði leikja í 1. flokki, þannig að keppni í 1. flokki yrði likari b-liða keppni meistaraflokkks heldur en "old boys" móti. "Old boys " leikmenn gætu leikið í Aðalsmónum, Lávarðamótum eða leikið sem b-lið í nýja fyrsta flokknum.

Tillaga nr. 3.

Hugsunin með tillögu nr. 3 er sú að fjölga leikjum í ungingaflokki kvenna, drengjaflokki og 10. flokki drengja, þannig að við bætist eitt fjölliðamót sem leikið yrði í seinni hluta október. Héraðsmóti yrðu því að vera í lok september eða byrjun október og þessir flokkar yrðu að byrja að æfa í ágúst eða í byrjun september. Þjálfara þessara flokka eru almennt sammála um að þessir flokkar leiki ekki nægilega mikið. Það að fjölga leikjum og að byrja að æfa fyrr getur aðeins leitt gott af sér.

Láta úrslitakeppni ("final four (undanúrslit-úrslit) veera í stúlknaflokkii eins og var í vor en átti ekki að vera samkvæmt reglugerð KKÍ um körfuknattleiksmót.

Í dag verður að leika maður á mann vörn í 9. flokki drengja. Vegna þess að FIBA hefur breytt aldursskiptingu á drengjalandslíðum mun landslið skipað leikmönnum úr 9. flokki keppnistímabilið 1993 - 1994 leika í Evrópukeppni haustið 1994. Það er því nauðsynlegt að þessir leikmenn fái að leika á móti svæðisvörn á Íslandi síðasta keppnistímabilið áður en þeir fara að leika landsleiki.

Í dag verða stelpur að leika maður á mann vörn í minnibolta og 8. flokki stúlkna. Þegar reglan um að leika maður á mann var sett þá var 8. flokkur kvenna ekki til. Það er því allt í lagi að leyfa stúlkum í stúlknaflokkii að leika svæðisvörn ef þær hafa áhuga á því.

Tillaga nr. 4.

Áhugasamur hópur körfuknattleiksmanna vinnur nú að því að auka útbreiðslu og gæði íslensks kvennakörfuknattleiks. Einn liður í þessari vinnu er að taka upp keppni í 1. flokki kvenna. Nú þegar hafa 3-4 lið lýst yfir áhuga sínum á því að vera með í þessari keppni.

Tillaga nr. 5.

KKÍ og íslensk körfuknattleiksfélög þurfa að hlúa betur að ungum körfuknattleiksmönnum. Í dag eru sum körfuknattleiksfélög með æfingar fyrir stráka á aldrinum 7-9 ára og fyrir stelpur á aldrinum 8 - 10 ára. Fyrir þessa aldurshópa vantar fleiri verkefni og þegar verkefnin verða fleiri þá munu væntanlega fleiri lið fara að hlúa að þessum aldurshópum.

Tillaga nr. 6

Í dag eru um 50 lið sem leika körfuknattleik í 1., 2., og úrvalsdeild. Sum þessara lið eru ennþá á lágu "old-boys" stigi. Síðustu ár taka um 25 - 30 lið þáttt í Bikarkeppni KKÍ í meistaraflokki karla, nokkur þessara liða eru b-lið. til þess að ná í fleiri lið í Bikarkeppnina þá þarf að breyta henni þannig að fleiri 2. deildar lið sjá sér fært að taka þátt í henni. Svæðisskift Bikarkeppni gefur 2. deildar liðum meiri möguleika á að vera með.

Felld (sjá tillögur laga og leikreglnanefndar)

ÞINGSKJAL NR. 2

Eftirfarandi eru tillögur að nýrri reglugerð um aganefnd KKÍ, sem samþykkt var á ársþingi sambandsins í Borgarnesi í maí 1992, að lagðar yrðu fyrir næsta ársþing. Með tillögum þessum er jafnframt lagt til að feldar verði úr gildi núgildandi starfsreglur fyrir aganefnd.

REGLUGERÐ UM AGANEFND KKÍ.**1.grein****Skipun/hlutverk.**

- a) Aganefnd KKÍ skal skipuð 3 aðalmönum, og þemur til vara. Nefndarmenn skulu skipaðir til eins árs í senn. Skal ársþing KKÍ kjósa two nefndarmenn á ársþingi hvert ár, auk tveggja varamanna. Formaður skal tilnefndur af stjórn KKÍ, auk varamanns hans.
- b) Hlutverk aganefndar er að úrskurða um agabrot, óprúðmannlega eða ámælisverða framkomu leikmanna, forystumanna félaga, dómarar, áhorfenda og annarra er hlut eiga að máli, í öllum opinberum kappleikjum sem fram fara á vegum KKÍ (islandsmóti, bikarkeppni og landsleikir) enda fjalli FIBA ekki um málið. Valdsvið aganefndar tekur einnig til atvika er eiga sér stað fyrir leik, í leikhléi eða eftir að leik lýkur.
- c) Tilgangur aganefndar er jafnframt að koma með ábendingar til stjórnar og ársþings KKÍ varðandi reglubreytingar og aðgerðir er stuðlað geta að því að fyrirbyggja agabrot, enda samræmist það markmiði nefndarinnar að draga úr og takmarka óprúðmannlega framkomu í keppni innan KKÍ.
- d) Nefndarmaður skal víkja sæti ef félag hans átti aðild að kappleik þeim er hið kærða atvik átti sér stað í, og skal varamaður taka sæti hans. Aðrar takmarkanir eru ekki á sérstökum hæfi nefndarmanna.

2.grein**Form/aðild kæru:**

- a) Kæra til aganefndar skal vera skrifleg, og hafa borist skrifstofu KKÍ innan tveggja sólarhringa frá því að kappleik lauk, eða hinu kærða atviki. Aganefnd er þó heimilt að taka fyrir kæru sem borist hefur allt að sjö sólahringum frá hinu kærða atviki, ef rökstuddar ástæður liggja að baki töfnni.
- b) Í kæru skal greina glöggt hver/hverjir eru kærðir, fyrir hvaða brot sé kært, stað og stund hins kærða atviks, aðila er urðu vitni að hinu kærða atviki og lauslega málavexti ef tilefni er til.
- c) Kæruaðild gagnvart leikmönnum, félögum, aðstandendum liðs og áhorfendum er í höndum dómarar viðkomandi leiks, eða þess aðila sem misgert telst við. Ef brot getur valdið KKÍ álitshnekki út á við skal stjórn KKÍ heimil kæruaðild. Kæruaðild gagnvart dómurum er í höndum leikmanna, aðstandenda liðs eða forsvarsmanna félaga.
- d) Fyrir kæru leikmanns eða félags á hendur öðrum leikmanni eða félagi, skal kærandi

leggja fram kr. 10.000 tryggingu til KKÍ, sem endurgreiðist ef kærði er dæmdur í bann eða sekt. Fyrir kæru á hendur dómara skal trygging þessi nema kr. 20.000. Heimilt er aganefnd að endurgreiða helming tryggingar ef kærði hlýtur áminningu. Fyrir kæru frá dómara eða stjórn KKÍ skal trygging ekki lögð fram.

3.grein

Störf aganefndar:

- a) Fundir aganefndar skulu haldnir á þriðjudögum. Kæra sem sannanlega berst til skrifstofu KKÍ fyrir kl. 13:00 á mánudegi skal tekin fyrir í þeirri viku, en kæra sem berst eftir þann tíma skal tekin fyrir næsta þriðjudag þar á eftir. Tilkynna skal hinum kærða aðila um efni kærunnar, og gefa honum sólarhringsfrest til að skila gögnum varðandi kæruna fyrir fund aganefndar og/eða óska eftir málflutningi um málið.
- b) Heimilt er formanni aganefndar að boða til fundar á öðrum tímum, ef ætla má að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna ónógra eða villandi upplýsinga, og nyjar upplýsingar hafa komið fram eftir að úrskurður var kveðinn upp. Formaður hefur heimild til að boða aukafundi undir sérstökum kringumstæðum, ef hann telur nauðsyn til, svo sem vegna fjölliðamóts.
- c) Í úrslitakeppni allra flokka skal aganefnd kvödd saman um leið og kæra berst skrifstofu KKÍ. Formaður aganefndar ákveður tímamörk er gefin skulu aðilum til gagnaöflunar og skýrslugjafar í þeim málum, en málshraði skal vera eins mikill og kostur er.
- d) Heimilt er með samþykki allra nefndarmanna aganefndar að halda fundi nefndarinnar með aðstoð síma eða annarra fjarskiptatækja, enda leiki ekki vafi á afstöðu hins fjarstadda nefndarmanns.
- e) Formaður aganefndar ákvarðar hvort málflutningur (skriflegur eða munnlegur) skuli heimilaður, að kröfu hins kærða. Málflutningur skal jafnan ekki heimilaður fyrir minna brot en beina brottvísun leikmanns eða forsvarsmanns af keppnisstað, eða ef formaður telur möguleika skv. efni kæru, að hún kunni að leiða til tveggja leikja banns eða meira. Málflutningur frestar ekki meðferð máls.
- f) Aganefnd byggir úrskurð sinn á efnisatriðum kæru, leikskyrlu viðkomandi leiks, skýrslu dómara, vitnaskýrslum og framburði aðila, auk annarra gagna er borist hafa á fundi þeim er hið kærða atvik er til meðferðar. Aganefnd skal hafa frjálst sönnunarmat á gögnum þeim er lögð eru fyrir nefndiha, þ.m.t. myndbandsupptökur, vitnaskýrslur o.fl., auk fyrrgreindra gagna, og er heimilt að byggja úrskurð sinn á öðrum gögnum ef nefndin telur þau varpa ljósi á málið. Allur vafi skal metinn kærða í hag.
- g) Við ákvörðun um viðurlög við brotum skal aganefnd bundin af lögum og reglugerðum KKÍ, fordæmum aganefndar er samræmast gildandi reglum, dóms- og refsiákvæðum ÍSÍ og eftir atvikum reglum FIBA. Aganefnd skal bundin af ákvörðun dómara leiks, s.s. varðandi brottvísun eða tæknivillu.
- h) Aganefnd er heimilt að taka til meðferðar kæru á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómarí ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni þar meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum.

4. grein

Viðurlög við brotum:

- a) Ef dómari vísar aðila (leikmanni, þjálfara eða liðsstjóra) af leikvelli eða keppnisstað, skal viðkomandi úrskurðaður í eins leiks bann. Við aðra brottvisun á keppnistímabilinu skal viðkomandi úrskurðaður í tveggja leikja bann, og fyrir þriðju og síðari brottvisanir á keppnistímabilinu skal viðkomandi aðili úrskurðaður í leikbann eftir mati aganefndar.
- b) Hafi aðila verið vísað af leikvelli eða keppnisstað fyrir alvarlega grófan leik, ofsalega framkomu eða viljandi líkamsmeiðingar, er aganefnd heimilt að úrskurða viðkomandi í allt að 12 leikja eða 3 mánaða leikbann. Fyrir ítrekað brot á keppnistímabili skal refsing vera minnst 6 leikja bann.
- c) Brot í hverjum aldursflokki skal farið með sérstaklega. Þó skal aganefnd heimilt að úrskurða aðila í bann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.
- d) Ef áhorfendur gerast sekir um vitaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum leiks, er aganefnd heimilt að svípta viðkomandi heimalið heimaleikjum og/eða úrskurða það til greiðslu sektar til KKÍ að mati aganefndar. Ef atvik þykja ekki það alvarleg að svípting leikja verði úrskurðuð, er aganefnd heimilt að áminna viðkomandi félag og/eða gera ábendingar er lúta að tryggara öryggi aðila og dómara. Verði um ítrekuð brot að ræða innan keppnistímabils þrátt fyrir áminningu, og ekki hefur verið orðið við ábendingum aganefndar, skal svípta viðkomandi lið a.m.k. tveimur heimaleikjum. Aganefnd skal meta heimaliði til málsvóta ef sannað þykir að áhorfendur útið áttu upptök að, eða stærstan þátt i, hinni kærðu framkomu.
- e) Gerist dómari sekur um óprúðmannlega framkomu gagnvart leikmanni, forsvarsmanni liðs, þjálfara, liðsstjóra eða starfsmanni leiks er aganefnd heimilt að veita viðkomandi dómara áminningu, eða úrskurða hann til greiðslu sektar ef brot er ítrekað eða alvarlegt. Sekt skal ekki nema hærri fjárhæð en kr. 20.000. Allur vafi í kærumálum skv. þessari málsgrein, skal metinn viðkomandi dómara til sýknu.

5. grein

Úrskurðir aganefndar:

- a) Úrskurðir aganefndar skulu færðir í sérstaka fundargerðarbók. Í úrskurði skal greina glöggjt hver hinn kærði sé, í hvaða leik hið kærða atvik átti sér stað, fyrir hvaða brot kæra taki til, og á hvaða forsendum aganefnd byggi úrskurð sinn. Bóka skal í úrskurði hverjir nefndarmanna kveði upp úrskurðinn, og skiptingu atkvæða ef úrskurður er ekki einróma.
- b) Úrskurð sinn skal aganefnd tilkynna strax að loknum fundi með skeysi eða símbréfi til formanns körfuknattleiksdeildar er hinn kærði aðili heyrir undir, eða hins kærða dómara. Áhætta af mistökum við afhendingu skeytis eða símbréfs hvílir á móttakanda.
- c) Úrskurðir aganefndar taka gildi kl. 12:00 á hádegi næsta föstudag eftir uppkvaðningu úrskurðarins. Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður tekur gildi.

- d) Úrskurðum aganefndar verður ekki áfrýjað, nema refsing varði a.m.k. 12 leikja eða 3 mánaða banni. Slikum úrskurðum verður áfrýjað til dómstóls KKÍ innan viku frá uppkvaðningu. Áfrýjun frestar ekki afplánun refsingar.
- e) Kærði öölast engar kröfur, bótakröfur né félagslegar kröfur, á hendur KKÍ vegna úrskurða aganefndar, hvort sem röngum úrskurði er breytt á grundvelli endurskoðunar skv. b-lið 3. greinar, eða á grundvelli áfrýjunar skv. d-lið 5. greinar.

6. grein

Afplánun refsingar:

- a) Refsingar aganefndar á hendur leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum og félögum skv. a-b.lið 4. greinar, er einungis hægt að afplána í opinberum leikjum á vegum KKÍ og innan sama aldursflokk og viðkomandi brot var framið. Ef úrskurður kveður á um leikbann í tiltekinn fjölda leikja skal refsing afplánuð í þeim leikjum sem framundan eru á þeim tíma sem úrskurður er kveðinn upp. Frestist leikur, sem aflána skal refsingu í, skal afplánun freast uns leikurinn fer fram. Breytingar á leikjaniðurröðun mótakeppni hefur ekki áhrif á tímabundið leikbann.
- b) Þegar leikmaður er hlutgengur í fleiri en einum aldursflokk á sama keppnistímabili, skal hann taka út refsingu skv. a-lið i þeim aldursflokk þar sem hann hefur unnið til hennar. Refsing getur þó náð til allra aldursflokk sbr. c-lið 4. greinar.
- c) Úrskurðir á hendur félögum skv. d-lið 4. greinar miðast við næstu heimaleiki innan sama aldursflokk, án tillits til breytingar á niðurröðun leigkja eftir uppkvaðningu úrskurðar, enda sé þar um að ræða opinberan heimaleik félagsliðsins í móti á vegum KKÍ.
- d) Úrskurðir um sektir á hendur dómurum taka þegar gildi, og er KKÍ heimilt að halda eftir greiðslum til viðkomandi dómarar uns sektin er greidd.
- e) Ef aðili á eftir að taka út refsingu þegar keppnistímabili lýkur, skal hann afplána refsinguna í byrjun næsta keppnistímabils, án tillits til þess með hvaða liði hann verður hlutgengur á þeim tíma.
- f) Ef erlendur leikmaður liðs er úrskurðaður í leikbann samkvæmt reglugerð þessari, skal viðkomandi liði óheimilt að nota annan erlendan leikmann í hans stað á meðan á leikbanni hins kærða stendur.

Hafnarfirði, apríl 1993,

Ólafur Rafnsson, KKÍ.

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 11)

**Greinargerð með tillögum að
reglugerð um aganefnd KKÍ**

I.

Á ársþingi sambandsins i Borgarnesi í maí 1992 varð umfjöllun um starfsreglur aganefndar, og var meðal annars bent á óviðunandi ósamræmi í kæruffresti aðila. Var samþykkt að skipa milliþinga "nefnd" til heildarendurskoðunar starfsreglna aganefndar, og eru framangreindar tillögur að reglugerð um aganefnd KKÍ afurð þeirrar vinnu. Kynnti undirritaður sér gerðarbók aganefndar aftur í tímann, auk þess að lesa í gegnum sambærilegar reglur hjá KSÍ, HSÍ, ISÍ og FIBA. Haft var samráð við öll félög í úrvalsdeildinni, en auk þess var ritað bréf til dómaraneftnar og aganefndar. Því miður virtist áhugi lítill fyrir því að leggja orð í belg, þar sem einungis eitt félag sá ástæðu til að gera athugasemdir við nágildandi reglur, auk aganefndar sjálfrar sem tók málið fyrir á fundi sínum. Leiðir þetta hugann að því hvort svo mikilla breytinga hafi í raun verið þörf, og varð m.a. til þess að engar byltingarkenndar breytingar eru lagðar til í reglum þessum. Breytingarnar eru einkum fólgar í skýrari formreglum, uppsetningu og aðlögun að þeim vandamálum sem reynslan hefur sýnt að reynir á við beitingu reglna þessara skv. bókuðum fordæmum aganefndar.

II.

Í 1. grein reglugerðarinnar er fjallað um skipun og hlutverk aganefndar. Gert er ráð fyrir því að ársþing kjósi two fulltrúa, en stjórn KKÍ annist einungis tilnefningu formanns. Reglur um formann aganefndar eru nýjar, oger honum fengið stærra hlutverk en öðrum nefndarmönnum. Þá er varamönnum fjölgæð úr einum í þrjá, og þar af er tiltekinn aðili varaformaður.

Varðandi hlutverk aganefndar er þeirri nýjung bætt inn að aganefnd leitist ætíð við að gera ábendingar er stuðli að því að reglur um agabrot verði skilvirk og áhrifarík, og fylgi þörfum og tiðarandanum á hverjum tíma.

Að lokum er í d-lið tekið á sígildu vandamáli, og reglur varðandi sérstakt vanhæfi festar niður við tiltekin mörk.

Í 2. grein reglugerðarinnar er fjallað um form og aðild kæru. Reglur um þetta hefur skort, og þótti rétt að menn gætu á einhverjum stað lesið sér til um það hvernig standa skuli að kæru. Ljóst er að erfitt er fyrir aganefnd líkt og aðra úrskurðaraðila að byggja ákvörðun sína á mjög takmörkuðum upplýsingum, og algerlega óviðunandi ef fresta þarf meðferð máls vegna þess eins. Þar sem reglur um form eru þverbrotnar hefur aganefnd heimild til að vísa máli frá.

Í reglum þessum er sú nýbreytni tekin upp að aðrir en dómarar geta haft kæruaðild, og þykir það ekki óeðlilegt í ljósi þess að agabrot getur bæði farið framhjá dómarar, eða hann ekki séð ástæðu til að kæra slíkt, þótt sá sem misgert við telji fulla ástæðu til þess. Þá er gert ráð fyrir því að stjórn KKÍ geti annast hagsmunagæslu gagnvart agabrotum er ógna orðstý sambandsins.

Lagt er til í reglunum að dómarar séu ekki yfir úrskurði aganefndar hafnir, en kæruaðild og meðferð máls er þrengri í þeim tilvikum.

Að lokum er í 2. grein sett fram sú nýjung að við kæru annarra en dómarar og stjórnar KKÍ sé sett fram trygging, sem hinsvegar endurgreiðist að hluta eða öllu leyti ef í ljós kemur að fullur grundvöllur var fyrir kærunni. Tryggingu þessari er annarsvegar ætlað að koma í veg

fyrir tilefnislausar kærur, í ljósi þess að kæruaðild er nú í höndum m.a. leikmanna og félaga, en hinsvegar er tilgangurinn með tryggingu þessari að standa straum af óhjákvæmilegum kostnaði við störf aganefndar. Ekki er talið rétt að dómarar leggi fram tryggingu þessa, enda striðir það gegn hlutverki þeirra og myndi vafalaust leiða til þess að dómarar tækju ekki áhættu af því að kæra.

Í 3. grein reglugerðarinnar eru störf aganefndar skilgreind. Haldið er þeirri reglu að fundir nefndarinnar séu fastir á þriðjudögum, en í reglunum er skilgreint hvenær kæra þarf að berast til þess að verða tekin fyrir þá vikuna. Í nágildandi reglum er ekki tekið á þessu vandamáli, og réttarstaða aðila á reiki varðandi þetta atriði, einkum með hliðsjón af því að hinn kærði fái tilkynningu um kæruna og möguleika á að taka til varna. Allt þetta er skilgreint í a-lið, og hlýtur að teljast til bóta, þótt menn kunni að greina á um tímasetningar og lengd fresta.

Í b-lið er það vald fært í hendur formanns að kalla saman nefndina á öðrum tínum en föstum fundartíma, ef sérstakar ástæður eru til þess að hans mati. Um úrslitakeppni gilda reglur um hraðari málsmeðferð eins og verið hefur.

D-liður 3. greinar er í raun lögfesting á þeirri framkvæmd sem gjarnan hefur reynst nauðsynleg undir vissum kringumstæðum, þ.e. að þegar ekki hefur náðst að boða alla aganefndina saman til fundar svo sem vegna veðurs. Hér ber að hafa í huga þá ríku skyldu aganefndar til að halda fundi á fyrirfram ákveðnum tínum, auk þess að þessi regla stuðlar frekar að því að fulltrúar landsbyggðarfélaga geti með góðu móti átt sæti í aganefnd. Ekki er þó miðað við að símafundir séu meginregla, heldur þegar óhentugt þykir að kalla nefndina saman. Bent er á að í tillögum þessum hefur varamönum verið fjölgæð, og ætti það að minnka þörfina á símafundum.

Í e-, f- og g-liðum er fjallað um málsmeðferð og forsendur fyrir úrskurði aganefndar. Aganefnd eru gefnar nokkuð frjálsar hendur um mat á gögnum og tilvisun til viðeigandi reglna innan þess ramma sem þar er markaður, en þó ber að hafa í huga að sérstök ákvæði reglna KKÍ ganga framar almennum ákvæða t.d. dóms- og refsiákvæða ÍSÍ/FIBA. Þá þykir rétt að festa þá almennu reglu hins íslenska opinbera réttafars að vafi á sekt skuli metinn hinum kærða í hag.

Í niðurlagi g-liðar er sú regla tekin upp að aganefnd er bundin ákvörðun dómarar um viðurlög skv. leikreglum. Þykir undirrituðum ófært að leikir séu dæmdir eftir á, enda felst í því mikið vantraust á dómarastéttina í heild. Eðlilegra þykir að einstakir dómarar geti fengið áminningu á réttum vettvangi fyrir tilefnislausa dóma s.s. tæknivillur, og þetta atriði tengist fremur samræmingu dómaranefndar á dómgæslu.

Í h-lið er lögð til sú nýjung að aganefnd geti á hinn bóginn tekið til meðferðar kæru vegna agabrots sem dómarí annaðhvort sá ekki eða sá svo óljóst að hann hafi ekki haft tök á að meta leikbrotið rétt. Hér væri skólabókardæmið t.d. tveir menn að slást á öðrum vallarhelmingi á meðan aðrir leikmenn eru á hinum helmingi vallarins ásamt athygli dómaranna, en skylaust agabrot væri leitt í ljós t.a.m. með myndbandsupptöku. Hér er ekki verið að draga dómgreind dómarar iefa, né dæma leik eftir á, heldur úrskurða sjálfstæð viðurlög við skylausu agabroti. Rétt er að ítreka skyldu aganefndar til að sýkna nema agabrot teljist fullsannað með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, sbr. niðurlag f-liðar.

Í 4. grein reglugerðarinnar er fjallað um viðurlög við brotum, þ.e. refsiheimildir aganefndarinnar. Hér er ekki um neinar bytingarkenndar breytingar að ræða frá nágildandi reglum.

Þó hefur áður verið minnst á þá nýbreytni að aganefnd er unnt að úrskurða dómarar til sektar, eða veita honum áminningu, ef hann gerist sekur um óprúðmannlega framkomu. Vafalaust er lítil ágreiningur um ríkari skyldu dómarar til vammausari framkomu en annarra þáttakenda leiksins, enda dómarar þeir sem valdið hafa að því leyti á meðan á leik stendur. Varla er erfitt að ímynda sér þá upplausn sem skapast myndi á kappleik ef dómarar færur að

hreyta ónotum í aðra þáttakendur, svo ekki sé minnst á likamleg agabrot. Skyldur dómara eru því miklar að þessu leyti, en rétt er að ítreka það að sönnunarbyrði þessara mála verður að teljast mjög rík á hendur kæranda, þannig að ef t.d. einungis er lagt til grundvallar fyrir aganefnd framburður einstaklings sem kæranda annarsvegar og dómarans hinsvegar, þá beri að sýkna gegn andmælum dómarans.

Telja verður að önnur ákvæði 4. greinar skýri sig sjálf.

Í 5. grein reglnanna er skýrar tekið á formhlið úrskurða aganefndar en í núgildandi reglum. Skoðun undirritaðs á úrskurðum aganefndar aftur í tímann hefur leitt í ljós að mikill misbrestur hefur verið á formhlið bókana, og oft ekki ljóst hver er kærður né fyrir hvað. Ekki þykir óeðlilegt að leggja þessa sjálfsögðu skyldu á aganefnd fremur en að kærarendur vandi gögn sín til nefndarinnar.

Reglur um birtingu og gildistöku úrskurðanna eru efnislega óbreyttir, en í d-lið er tekin upp sú nýlunda að unnt er að áfrýja vissum úrskurðum aganefndar þegar um alvarleg brot er að ræða. Þykir sú réttarvernd sem felst í áfrýjunarheimild þegar um þunga úrskurði er að ræða ekki stangast á við skilvirkni aganefndar gagnvart mótaðaldinu, einkum í ljósi þess að áfrýjun frestar ekki afplánun refsingar.

Rétt þykir að taka það fram að þrátt fyrir að áfrýjunardómstóll sýkni kærðan aðila sem þegar hefur verið úrskurðaður til refsingar, öðlast viðkomandi engar kröfur á hendur KKÍ, eða aðila innan þeirra vébanda, á grundvelli þess. Hið sama á við ef aganefndin sjálf breytir úrskurði sínum áður en hann kemur til framkvæmda, á grundvelli b-liðar 3. greinar. Hér er um hagsmunamat að ræða, og verður að hafa í huga að málsméðferð fyrir aganefnd tekur mjög skamman tíma, og gefur aðilum takmarkaðan kost á gagnaöflun o.fl. Rökin fyrir þessum málshraða eru skilvirkni mótaðaldsins, og verður hættan á röngum úrskurði ætíð einhver.

6. grein reglugerðarinnar fjallar um afplánun refsinga sem úrskurðaðar hafa verið af aganefnd. Í a-lið er engin efnisleg breyting frá núgildandi reglum og framkvæmd þeirra, en tekið er fram sérstaklega að afplánun refsingar frestist með leik sem frestast (þ.e. ef refsing er tilt. leikjafjöldi). Hafa núgildandi reglur verið túlkaðar svo í framkvæmd.

B- og c-liður eru ennfremur lögfesting á þeirri framkvæmd sem skapast hefur á grundvelli núgildandi reglna. Rétt þykir þó að taka fram að úrskurðir á hendur félögum er felast í heimaleikjabanni frestast ekki með frestuðum leikjum, enda beinist refsingin gegn félagini fremur fjárhagslega heldur en því hvaða liði er leikið gegn.

Varðandi sektárúrskurði á hendur dómurum, er kveðið á um í d-lið að KKÍ sé heimilt að halda eftir greiðslum til viðkomandi dómarar uns sektin er greidd. Úrskurðir um sektir taka þegar gildi, sem felur það í sér að viðkomandi sekt verður þegar gjaldkræf.

E-liður skýrir sig sjálfur, en í f-lið er nýtt ákvæði varðandi erlenda leikmenn. Deila þessa eðlis hefur komið upp, þó ekki hafi reynt á þetta álitamál fyrir úrskurðaraðila innan KKÍ. Engu að síður þykir það vera svo mikil fjárhagslög mismunun á félögum innan sambandsins, að sá möguleiki geti verið fyrir hendi að félag geti haft two eða fleiri erlenda leikmenn innan sinna vébanda, og þannig í raun orðið skaðlaust af leikbanni eins þeirra.

III.

Framangreindar tillögur að nýrri reglugerð um aganefnd KKÍ eru byggðar að verulegu leyti á núgildandi reglum, og framkvæmd þeirra samkvæmt þeim túlkunum sem viðhafðar verið. Reynt hefur verið að lögfesta framkvæmdina í samræmi við eðlilegar niðurstöður og forðaemi í úrskurðum aganefndar, en jafnframt hefur verið bryddað upp á ýmsum nýjungum. Eru þær nýjungar ýmist samkvæmt ábendingum aðila innan KKÍ, aganefndar sjálfrar eða samkvæmt persónulegum skoðunum undirritaðs á því hvernig málum þessum verði best skipað.

Undirritaður harmar áhugaleysi félaga úrvalsdeildarinnar á skriflegri áskorun undirritaðs með góðum fyrirvara til forsvarsmanna þeirra körfuknattleiksdeilda, um að gera sínar athugasemdir og ábendingar við reglugerð þessa. Enn frekar þykir undirrituðum dapurt að sjálf dómaranefnd KKÍ hafi ekki séð ástæðu til að svara bréfinu, þótt ekki hafi verið nema til annars en að lýsa þeirri skoðun að núgildandi reglur séu vel viðunandi.

Hvort reglur þessar hljóti samþykki fulltrúa ársþings er því óskrifað blað í huga undirritaðs, en varla verður ágreiningur ef einhver verður, á samvisku undirritaðs. Vissulega er hér einungis um tillögur að ræða, og hugmyndir um tiltekna fresti, fjárhæðir leikbannafjölda eða -tíma, háð persónulegum skoðunum þingfulltrúa. Er það von undirritaðs að umræður þær verði málefnalegar, og með markmið reglnanna í þágu hreyfingarinnar að leiðarljósi.

Hafnarfirði, apríl 1993,

Ólafur Rafnsson, KKÍ.

ÞINGSKJAL NR. 3**Tillaga fyrir ársþing KKÍ**

Breytingatillaga á reglugerð um erlenda leikmenn.

1. grein.

..... við bætist " erlendum leikmönnum skal ekki veitt leyfi til að leika í Íslandsmóti 1. og 2. deildar karla.

Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að i þessum deildum hafa flest lið ekki bolmagn til þess að hafa hjá sér erlenda leikmenn og eiga þá litla sem enga möguleika gegn þeim fáu liðum sem telja sig geta staðið undir þessu. Þetta gerir þessar deildir líka mun ójafnari en æskilegt er. Einnig teljum við að i þessum deildum eigi liðin frekar að byggja upp sína eigin leikmenn til þess að hafa þá einhverja möguleika þegar og ef þeim tekst að vinna sér sæti i Úrvvalsdeild.

Verði þessi tillaga ekki samþykkt viljum við leggja fyrir aðra tillögu.

Breytingar á reglugerð um erlenda leikmenn.

4. grein

Hafi erlendur leikmaður leikið með íslensku félagsliði á tímabilinu 1. september til 15 ágúst í mótum sem viðurkemnnnd eru af KKÍ er honum óheimilt að skipta um félag hérlandis á þessu tímabili (nema með samþykki þess félags sem hann spilaði síðast hjá og skal þá ekki verða löglegur með nýja félagini fyrr en eftir 1 mánuð frá umsókn um félagsskipti.)

F.h. Körfuknattleiksdeildar Þórs
GAG Gjaldkeri

Fellt

PINGSKJAL NR. 4

Reglugerð fyrir erlenda leikmenn

Að fyrstu tvær málsgreinar 1. greinar reglugerðarinnar hljóð svo.

"Erlendum ríkisborgurum er óheimilt að leika með íslenskum félagsliðum í 1. aldursflokki karla. Í öllum öðrum keppnisflokkum skal einum erlendum leikmanni heimilt að leika með hverju félagsliði í hverjum leik hafi umsókn þess efnis borist til stjórnar KKÍ. Verða slíkir

1. greinin að öðru leyti óbreytt.

Greinargerð:

Erlendir leikmenn hafa leikið í úrvalsdeild undanfarin fjögur keppnistímabil. Á hverju keppnistímabili hafa greiðslur eða önnur hlunnindi til þessara leimanna hækkað. Um mitt síðast liðið keppnistímabil keyrði um þverbak. Leit félaganna að betri og betri leikmanni er komin út í öfgar. Stjórnarmönnum félaganna sem afla þess fjár sem þarf til að greiða erlendu leikmönnum launin eru hvað eftir annað settir upp að vegg við ákvarðanatöku um ráðningu leikmannana. kröfur hafa aukist og greiðslurnar þar með.

Tekjur félaganna munu dragast saman á næsta keppnistímabili. Fyrirtækin hafa skorið niður útgjöld vegna auglysinga eða styrkja og almennur samdráttur í þjóðfélaginu mun enn frekar koma niður á aðgangseyrir að leikjum. Það er ekki hægt að benda á það með óyggjandi hætti að erlendu leikmennirnir skili beint auknum tekjum til félaganna. Því er það ein öruggasta leiðin sem félögin geta farið við að skera niður útgjöld, að banna erlenda leikmenn í Úrvalsdeild, 1. deild og 2. deild á komandi keppnistímabili.

Hafnarf. 6. apríl 1993

K.Hauka

Ingvar Kristinsson Formaður

Fellt

PINGSKJAL NR. 5

Breyting á 14 grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

1. Fremst í reglugerðina kemur:

Mótanefnd KKÍ er heimilt að taka ákvörðun um frestun leiks vegna óveðurs, sjúkdómsfaraldrar og styrjaldarástands.

2. síðasta málsgrein reglugerðarinnar hljóðar svo:

Þurfí að endurtaka leik, hafa þeir einir rétt til þáttöku sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn.

Málsgreinin breytist þannig:

Þurfí að endurtaka leik, eða hafi leik verið frestað, hafa þeir einir rétt til þáttöku sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflegan leikinn.

Greinargerð:

1. Eðlilegt hlýtur að teljast að mótanefnd hafi heimild til að fresta leik vegna ofangreindra ástæðna.

2. Hér er verið að skýra nánar hvað átt er við með reglugerðinni. KKÍ hefur skilið upphaflegu reglugerðina þannig að endurtekning á leik eigi líka við um leik sem hefur þurft að fresta vegna veðurs eða annara orsaka. Þessi breyting er gerð til að taka af öll tvímæli.

Stjórn KKÍ

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 20)

PINGSKJAL NR. 6

Breyting á 25. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót:

Greinin hljóðar svo:

Félögin bera ábyrgð á að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram á eðlilegan hátt. Félag sem vanrækir umsjón með heimaleik, þannig að leikur fari ekki fram, tapar þeim leik. Félög hirða tekjur af heimaleikjum sínum í Íslandsmóti og bikarkeppni (sjá þó 24. gr.), þau bera einnig allan kostnað vegna framkvæmdar hans. Lið sem leikur á útvelli í Íslandsmóti ber allan kostnað vegna ferðalaga leikmanna.

Í úrslitaleikjum í bikarkeppni KKÍ og í öllum leikjum í yngri flokkum gilda eftirfarandi reglur um skiptingu tekna og útgjálda. Frá innkomnu fē vegna sölu aðgöngumiða skal draga kostnað vegna húsaleigu, dómgæslu og gjald til KKÍ sbr. 24 gr. Verði afgangur skal greiða af honum ferðakostnað og auglysingar. Ef enn er afgangur af innkomunni skal skipta honum jafnt milli heimaliðs og úteliðs. Ef innkomið fē nægir ekki fyrir útgjöldum skal skipta þeim jafnt milli beggja liða.

Greinin hljóð svo:

Félög bera ábyrgð á að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram á eðlilegan hátt. Félag sem vanrækir umsjón með heimaleik, þannig að leikur fari ekki fram, tapar þeim leik. Félög hirða af heimaleikjum sínum í Íslandsmóti og þau bera einnig allan kostnað vegna framkvæmdar hans. Lið sem leikur á útvelli í Íslandsmót ber allan kostnað vegna ferðalaga leikmanna.

Greinargerð:

Á síðasta þingi var sett reglugerð sem fjallar um bikarkeppni KKÍ (sjá 15. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót). 25. greinin stangast á við 15. greinina hvað vaðar bikarkeppnina. Því er lagt til að allt sem varðar bikarkeppni KKÍ verði tekið út úr grein 25. þannig að ekki sé ósamræmi í reglunum.

Stjórn KKÍ

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 7

Viðbót við reglugerð um mótanefnd:

8. töluliður verði:

Sæki félag um frestun á leik skal félagið greiða afgreiðslugjald til mótanefndar. Afgreiðslugjald þetta verði kr. 10.000.- á leik í úrvalsdeildinni, kr. 4.000,- á leik í 1. deild karla og kvenna og kr. 1.000.- fyrir aðra flokka og deildir. Gjald þetta skal greiðast áður en umsókn um frestun er tekin fyrir.

8. töluliður í reglugerð verði 9. töluliður

9. töluliður í reglugerð verði 10. töluliður

10. töluliður í reglugerð verði 11. töluliður

11. töluliður í reglugerð verði 12. töluliður

12. töluliður í reglugerð verði 13. töluliður

Greinargerð:

Í nokkrum tilfellum getur það komið upp á að frestun leikja getur komið sér illa fyrir það félag er á heimaleikinn. Oft hafa félög lagt í kostnað við að auglýsa leikinn upp þannig að um beint fjárhagslegt tap er að ræða fyrir viðkomandi félag. Skv. núverandi reglugerð þarf heimaliðið að bera þetta tap sjálft. Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að mótanefnd eignist með tímanum sjóð sem hægt sé að nota til að bæta heimaliðum sannanlegt sjárhagslegt tjón sem þau verða fyrir begtna frestunar á leik. Ekki verður greitt úr sjóðnum ef leik er frestað vegna ófærðar.

Mótanefnd KKÍ

Gísli Georgsson

Fellt

PINGSKJAL NR. 8

FJÁRHAGSÁETLUN KKÍ 01.05.1993 - 30.04.1994

TEKJUR:

Þáttökugjöld í Íslandsmóti	2,600,000
Dómaragjöld	2,200,000
Tekjur af leikskrá	400,000
Aðrar tekjur vegna móta	800,000
Sjónvarpsréttindi	900,000
Þáttökugjöld í bikarkeppni	800,000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	1,200,000
Lotto	3,000,000
Námskeiðahald	400,000
Aðrar fjáraflanir, samningar ofl.	8,310,000
Samtals	20,610,000

GJÖLD:

Íslandsmót	500,000
Kostnaður við leikskrá	350,000
Dómaragjöld	2,200,000
Bikarkeppni	200,000
Evrópukeppni félagsliða	360,000
Rekstur skrifstofu	4,500,000
Þinghald, fundir, gjafir ofl.	500,000
Ýmis kostnaður	1,000,000
Fræðslumál	1,000,000
Námskeiðahald	400,000
Landslið KKÍ	9,600,000
Samtals	20,610,000

Samþykkt

PINGSKJAL NR 9.

Ágætu félagar.

Undirritaður vill fyrir hönd kkd. UMFN leggja fram breytingatillögu á ársþingi KKÍ 7-9 maí nk. þess efnis að fyrirkomulagi úrslitakeppni verði breytt frá því sem nú er.

Í stað fjögurra liða eins og nú er, kæmu sex lið í úrslitakeppnina, og yrði fyrirkomulagið sem hér segir:

Sigurvegarar úr hvorum riðli (1-A og 1-B) fyrir sig sitja hjá í fyrstu umferð. Lið i 2. sæti í hvorum riðli (2-A og 2-B) keppa við lið i 3ja sæti í gagnstæðum riðli (3-A og 3-B), þ.e.a.s.

1-A og 1-B sitja hjá.

2-A og 3-B spila og það lið sem fyrr vinnur tvo leiki fer áfram.

2-B og 3-A spila og það lið sem fyrr vinnur tvo leiki fer áfram.

Í næstu umferð (undanúrslitum) koma svo inn sigurvegarar í "milliriðlunum" og spila við 1-A og 1-B, og þá tæki við hin hefðbundna úrslitakeppni, og myndi stigahæsta lið deildarinnar spila við það sem fæst stig hefur, og svo númer tvö við númer þrjú.

Eins og sjá má er þetta fyrirkomulag svo að segja það sama og spilað hefur verið eftir undanfarin ár með ágætum árangri fyrir þau lið sem þangað hafa komist, en með þessu nýja fyrirkomulagi er verið að gefa fleirum liðum kost á að spila í úrslitakeppninni, ætti það að glæða áhuganna enn meira, og um leið að lengja aðeins úrslitakeppnina, sem leiðir til meiri umfjöllunar um íþróttina í fjöldum.

Þó fjölgað sé um tvö lið í úrslitakeppninni ætti deildarkeppnin sjálf ekki að þurfa að líða fyrir það, þvert á móti ætti þetta breytta fyrirkomulag að styrkja deildarkeppnina sjálfa ef eitthvað er.

Með kveðju
f.h. kkd UMFN

Jón Jóhann Einarsson
Varformaður

Fellt

ÞINGSKJAL NR. 10

Viðbót við reglugerð um mótanefnd:

8. töluliður verði:

Sæki félag um frestun á leik skal félagið greiða tryggingur til KKÍ kr. 20.000,- fyrir leik í úrvalsdeild, kr. 10.000,- fyrir leik í 1. deild karla og kvenna og kr. 2.000.- fyrir aðra flokka og deildir. Gjald þetta skal greiðast áður en umsókn um frestun er tekin fyrir.

8. töluliður í reglugerð verði 9. töluliður

9. töluliður í reglugerð verði 10. töluliður

10. töluliður í reglugerð verði 11. töluliður

11. töluliður í reglugerð verði 12. töluliður

12. töluliður í reglugerð verði 13. töluliður

Greinargerð:

Tilgangur reglunnar er að félag verði skaðlaust af réttmætri beiðni um frestun, en á hinn bóginn geti með tryggingargjaldi skapast grundvöllur itlað standa straum af kostnaði nefndarinnar. Gjaldi þessu er ekki ætlað að bæta heimaliði tjón vegna frestunar, enda hafi verið forsendur fyrir frestuninni að mati mótanefndarinnar.

Fjárhagsnefnd KKÍ

Fellt

PINGSKJAL NR. 11

Eftirfarandi eru tillögur að nýrri reglugerð um aganefnd KKÍ, sem samþykkt var á ársþingi sambandsins í Borgarnesi í maí 1992, að lagðar yrðu fyrir næsta ársþing. Með tillögum þessum er jafnframt lagt til að felldar verði úr gildi núgildandi starfsreglur fyrir aganefnd.

REGLUGERÐ UM AGANEFND KKÍ.**1.grein****Skipun/hlutverk.**

- a) Aganefnd KKÍ skal skipuð 3 aðalmönnum, og þremur til vara. Nefndarmenn skulu skipaðir til eins árs í senn. Skal ársþing KKÍ kjósa two nefndarmenn á ársþingi hvert ár, auk tveggja varamanna. Formaður skal tilnefndur af stjórn KKÍ, auk varamanns hans.
- b) Hlutverk aganefndar er að úrskurða um agabrot, óprúðmannlega eða ámælisverða framkomu leikmanna, forystumanna félaga, dómara, áhorfenda og annarra er hlut eiga að máli, í öllum opinberum kappleikjum sem fram fara á vegum KKÍ (ílandsmót, bikarkeppni og landsleikir) enda fjalli FIBA ekki um málið. Valdsvið aganefndar tekur einnig til atvika er eiga sér stað fyrir leik, í leikhleið eða eftir að leik lýkur.
- c) Tilgangur aganefndar er jafnframt að koma með ábendingar til stjórnar og ársþings KKÍ varðandi reglubreytingar og aðgerðir er stuðlað geta að því að fyrirbyggja agabrot, enda samræmist það markmiði nefndarinnar að draga úr og takmarka óprúðmannlega framkomu í keppni innan KKÍ.
- d) Nefndarmaður skal víkja sæti ef félag hans átti aðild að kappleik þeim er hið kærða atvik átti sér stað í, og skal varamaður taka sæti hans. Aðrar takmarkanir eru ekki á sérstöku hæfi nefndarmanna.

2.grein**Form/aðild kæru:**

- a) Kæra til aganefndar skal vera skrifleg, og hafa borist skrifstofu KKÍ innan tveggja sólarhringa frá því að kappleik lauk, eða hinu kærða atviki. Aganefnd er þó heimilt að taka fyrir kæru sem borist hefur allt að sjö sólahrihgum frá hinu kærða atviki, ef rökstuddar ástæður liggja að baki töfinni.
- b) Í kæru skal greina glöggt hver/hverjir eru kærðir, fyrir hvaða brot sé kært, stað og stund hins kærða atviks, aðila er urðu vitni að hinu kærða atviki og lauslega málavexti ef tilefni er til.
- c) Kæruaðild gagnvart leikmönnum, félögum, aðstandendum liðs og áhorfendum er í höndum dómara viðkomandi leiks, eða forsvarsmannna þess félags sem misgert telst við. Ef brot getur valdið KKÍ álitshnekki út á við skal stjórn KKÍ heimil kæruaðild. Kæruaðild gagnvart dómurum er í höndum leikmanna, aðstandenda liðs eða forsvarsmanns félaga.
- d) Fyrir kæru forsvarsmanns félags á hendur leikmanni eða félagi, skal kærandi leggja

fram kr. 10.000 tryggingu til KKÍ, sem endurgreiðist ef kærði fær áminningu, er dæmdur í bann eða sekt. Fyrir kæru á hendur dómarar skal trygging þessi nema kr. 20.000. Heimilt er aganefnd að endurgreiða helming tryggingar ef kærði hlýtur áminningu. Fyrir kæru frá dómarar eða stjórn KKÍ skal trygging ekki lögð fram.

3.grein

Störf aganefndar:

- a) Fundir aganefndar skulu haldnir á þriðjudögum. Kæra sem sannanlega berst til skrifstofu KKÍ fyrir kl. 13:00 á mánudegi skal tekin fyrir í þeirri viku, en kæra sem berst eftir þann tíma skal tekin fyrir næsta þriðjudag þar á eftir. Tilkynna skal hinum kærða aðila um efni kærunnar, og gefa honum sólarhringsfrest til að skila gögnum varðandi kæruna fyrir fund aganefndar og/eða óska eftir málflutningi um málið.
- b) Heimilt er formanni aganefndar að boða til fundar á öðrum tímum, ef ætla má að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna ónógra eða villandi upplýsinga, og nýjar upplýsingar hafa komið fram eftir að úrskurður var kveðinn upp. Formaður hefur heimild til að boða aukafundi undir sérstökum kringumstæðum, ef hann telur nauðsyn til, svo sem vegna fjölliðamóts.
- c) Í úrslitakeppni allra flokka skal aganefnd kvödd saman um leið og kæra berst skrifstofu KKÍ. Formaður aganefndar ákveður tímamörk er gefin skulu aðilum til gagnaöflunar og skýrslugjafar í þeim málum, en málshraði skal vera eins mikill og kostur er.
- d) Heimilt er með samþykki allra nefndarmanna aganefndar að halda fundi nefndarinnar með aðstoð síma eða annarra fjarskiptatækja, enda leiki ekki vafi á afstöðu hins fjarstadda nefndarmanns.
- e) Formaður aganefndar ákvarðar hvort málflutningur (skriflegur eða munnlegur) skuli heimilaður, að kröfu hins kærða. Málflutningur skal jafnan ekki heimilaður fyrir minna brot en beina brottvísun leikmanns eða forsvarsmanns af keppnisstað, eða ef formaður telur möguleika skv. efni kæru, að hún kunni að leiða til tveggja leikja banns eða meira. Málflutningur frestar ekki meðferð máls.
- f) Aganefnd byggir úrskurð sinn á efnisatriðum kæru, leikskýrslu viðkomandi leiks, skýrslu dómarar, vitnaskýrslum og framburði aðila, auk annarra gagna er borist hafa á fundi þeim er hið kærða atvik er til meðferðar. Aganefnd skal hafa frjálst sönnunarmat á gögnum þeim er lögð eru fyrir nefndina, þ.m.t. myndbandsupptökur, vitnaskýrslur o.fl., auk fyrrgreindra gagna, og er heimilt að byggja úrskurð sinn á öðrum gögnum ef nefndin telur þau varpa ljósi á málið. Allur vafi skal metinn kærða í hag.
- g) Við ákvörðun um viðurlög við brotum skal aganefnd bundin af lögum og reglugerðum KKÍ, fordænum aganefndar er samræmast gildandi reglum, dóms- og refsiákvæðum ÍSÍ og eftir atvikum reglum FIBA. Aganefnd skal bundin af ákvörðun dómarar leiks, s.s. varðandi brottvísun eða tæknivillu.
- h) Aganefnd er heimilt að taka til meðferðar kæru á agabroti sem framið var án vitundar dómarar leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni þar meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum.

4. grein

Viðurlög við brotum:

- a) Ef dómari vísar aðila (leikmanni, þjálfara eða liðsstjóra) af leikvelli eða keppnisstað, skal viðkomandi úrskurðaður í eins leiks bann. Við aðra brottvísun á keppnistímabilinu skal viðkomandi úrskurðaður í tveggja leikja bann, og fyrir þriðju og síðari brottvísanir á keppnistímabilinu skal viðkomandi aðili úrskurðaður í leikbann eftir mati aganefndar.
- b) Hafi aðila verið visað af leikvelli eða keppnisstað fyrir alvarlega grófan leik, ofsalega framkomu eða viljandi likamsmeiðingar, er aganefnd heimilt að úrskurða viðkomandi í allt að 12 leikja eða 3 mánaða leikbann. Fyrir ítrekað brot á keppnistímabili skal refsing vera minnst 6 leikja bann.
- c) Brot í hverjum aldursflokki skal farið með sérstaklega. Þó skal aganefnd heimilt að úrskurða aðila í bann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.
- d) Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum eða öðrum áhorfendum leiks, er aganefnd heimilt að svipta viðkomandi heimalið heimaleikjum og/eða úrskurða það til greiðslu sektar til KKÍ að mati aganefndar. Ef atvik þykja ekki það alvarleg að svipting leikja verði úrskurðuð, er aganefnd heimilt að áminna viðkomandi félag og/eða gera ábendingar er lúta að tryggara öryggi aðila og dómara. Verði um ítrekuð brot að ræða innan keppnistímabils þrátt fyrir áminningu, og ekki hefur verið orðið við ábendingum aganefndar, skal svipta viðkomandi lið a.m.k. tveimur heimaleikjum. Aganefnd skal meta heimaliði til málsbóta ef sannað þykir að áhorfendur útliðs áttu upptök að, eða stærstan þátt í, hinni kærðu framkomu. Aganefnd skal meta heimaliði það til málsbóta, ef öryggisgæsla telst hafa verið nægjanleg.
- e) Gerist dómari sekur um óprúðmannlega framkomu gagnvart leikmanni, forsvarsmanni liðs, þjálfara, liðsstjóra eða starfsmanni leiks eða öðrum viðstöddum er aganefnd heimilt að veita viðkomandi dómara áminningu, eða úrskurða hann til greiðslu sektar ef brot er ítrekað eða alvarlegt. Sekt skal ekki nema hærri fjárhæð en kr. 20.000. Allur vafi í kærumálum skv. þessari málsgrein, skal metinn viðkomandi dómara til sýknu.

5. grein

Úrskurðir aganefndar:

- a) Úrskurðir aganefndar skulu færðir í sérstaka fundargerðarbók. Í úrskurði skal greina glöggt hver hinn kærði sé, í hvaða leik hið kærða atvik átti sér stað, fyrir hvaða brot kæra taki til, og á hvaða forsendum aganefnd byggi úrskurð sinn. Bóka skal í úrskurði hverjir nefndarmanna kveði upp úrskurðinn, og skiptingu atkvæða ef úrskurður er ekki einróma.
- b) Úrskurð sinn skal aganefnd tilkynna strax að loknum fundi með skeytti eða símbréfi til formanns körfuknattleiksdeildar er hinn kærði aðili heyrir undir, eða hins kærða dómara. Áhætta af mistökum við afhendingu skeytis eða símbréfs hvílir á móttakanda.
- c) Úrskurðir aganefndar taka gildi kl. 12:00 á hádegi næsta föstudag eftir uppkvaðningu

úrskurðarins. Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður tekur gildi.

- d) Úrskurðum aganefndar verður ekki áfrýjað, nema refsing varði a.m.k. 12 leikja eða 3 mánaða banni. Slikum úrskurðum verður áfrýjað til dómstóls KKÍ innan viku frá uppkvaðningu. Áfrýjun frestar ekki afplánun refsingar.
- e) Kærði öölast engar kröfur, bótakröfur né félagslegar kröfur, á hendur KKÍ vegna úrskurða aganefndar, hvort sem röngum úrskurði er breytt á grundvelli endurskoðunar skv. b-lið 3. greinar, eða á grundvelli áfrýjunar skv. d-lið 5. greinar.

6. grein

Afplánun refsingar:

- a) Refsingar aganefndar á hendur leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum og félögum skv. a-b.lið 4. greinar, er einungis hægt að afplána í opinberum leikjum á vegum KKÍ og innan sama aldursflokk og viðkomandi brot var framið. Ef úrskurður kveður á um leikbann í tiltekinn fjölda leikja skal refsing afplánuð í þeim leikjum sem framundan eru á þeim tíma sem úrskurður er kveðinn upp. Frestist leikur, sem aflána skal refsingu í, skal afplánun freast uns leikurinn fer fram. Breytingar á leikjaniðurköðun mótakeppni hefur ekki áhrif á tímabundið leikbann.
- b) Þegar leikmaður er hlutgengur í fleiri en einum aldursflokk á sama keppnistímabili, skal hann taka út refsingu skv. a-lið i þeim aldursflokk þar sem hann hefur unnið til hennar. Refsing getur þó náð til allra aldursflokk sbr. c-lið 4. greinar.
- c) Úrskurðir á hendur félögum skv. d-lið 4. greinar miðast við næstu heimaleiki innan sama aldursflokk, án tillits til breytingar á niðurköðun leikja eftir uppkvaðningu úrskurðar, enda sé þar um að ræða opinberan heimaleik félagsliðsins í móti á vegum KKÍ.
- d) Úrskurðir um sektir á hendur dómurum taka þegar gildi, og er KKÍ heimilt að halda eftir greiðslum til viðkomandi dómara uns sektin er greidd.
- e) Ef aðili á eftir að taka út refsingu þegar keppnistímabili lýkur, skal hann afplána refsinguna í byrjun næsta keppnistímabils, án tillits til þess með hvaða liði hann verður hlutgengur á þeim tíma.

Hafnarfirði, apríl 1993,

Ólafur Rafnsson, KKÍ.

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 12.

Breytingatillaga við 8. grein laga KKÍ.

14. liður verði: Kosning tveggja manna í aganefnd og tveggja til vara
15. liðurinn verði: Kosning þriggja aðila í félagaskiptanefnd og þriggja til vara
14. liður verði 16. liður
15. liður verði 17. liður
16. liður verði 18. liður
17. liður verði 19. liður.

Samþykkt.

ÞINGSKJAL NR. 13.

Breytingartillaga Allsherjarnefndar við þingskjal nr. 3.

Hafi erlendur leikmaður leikið með íslensku félagsliði á tímabilinu 1. september til 15. ágúst í mótmum sem viðurkennd eru af KKÍ, er honum óheimilt að skipta um félag sem á þessu tímabili leikur í sömu deild eða í deild fyrir ofan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendum leikmanni er heimilt, með samþykki þess félags sem hann spilaði síðast hjá að skipta um félag hérlandis sem á þessu tímabili leikur í deild fyrir neðan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendur leikmaður sem óskar félagsskipta verður löggelgur með hinu nýja félagi einum mánuði eftir móttöku beiðni um félagaskipti á skrifstofu KKÍ. Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði er félag tekur þátt í Evrópukeppni.

Allsherjarnefnd.

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 14).

ÞINGSKJAL NR. 14.

Hafi erlendur leikmaður leikið með íslensku félagsliði á tímabilinu 1. september til 15. ágúst í mótmum sem viðurkennd eru af KKÍ, er honum óheimilt að skipta um félag sem á þessu tímabili leikur í sömu deild eða í deild fyrir ofan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendum leikmanni er heimilt, með samþykki þess félags sem hann spilaði síðast hjá að skipta um félag hérlandis sem á þessu tímabili leikur í deild fyrir neðan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendur leikmaður sem óskar félagsskipta verður löggelgur með hinu nýja félagi einum mánuði eftir móttöku beiðni um félagaskipti á skrifstofu KKÍ. Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði er félag tekur þátt í Evrópukeppni. Öll félagaskipti erlendra leikmanna eftir 15. desember eru óheimil.

Allsherjarnefnd.

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 15.**Tillaga nr. 1. Breyting á 6 grein.**

Körfuknattleiksmönnum er skipt í flokka sem hér segir:

- A) Konur:
8. flokkur kvenna 12 og 13 ára
Minnibolti 11 ára og yngri

Leiktími í opinberum körfuknattleiksmótum og leikjum er:

Konur:

1. aldursflokkur: ...
 8. flokkur: Fyrri hálfleikur 2x10 mín. klukka ekki stöðvuð. 1. mín hlé á milli. ekki skipt um körfu. Skyt er að nota 10 leikmenn í fyrri hálfleik til þess að ná bónusstigi. Síðari hálfleikur 1x14 mín. og klukkan stöðvuð skv. körfuknattleiksreglum og innáskiptingar leikmanna leyfðar skv. körfuknattleiksreglum. Leikhlé leyft einu sinni hjá hvoru liði. Hlé milli hálfleikja er 5 mínútur.

Karlar:

1. aldursflokkur ...
 8. og 7. aldursfl: Fyrri hálfleikur 2x10 mín. klukka ekki stöðvuð. 1. mín hlé á milli. ekki skipt um körfu. Skyt er að nota 10 leikmenn í fyrri hálfleik til þess að ná bónusstigi. Síðari hálfleikur 1x14 mín. og klukkan stöðvuð skv. körfuknattleiksreglum og innáskiptingar leikmanna leyfðar skv. körfuknattleiksreglum. Leikhlé leyft einu sinni hjá hvoru liði. Hlé milli hálfleikja er 5 mínútur.

Bónusstig:

Ef það .. fær það eitt stig.

Körfur skulu vera í venjulegri hæð í 7. og 8. aldursflokki karla og 8. aldursflokki kvenna eins og í eldri aldursflokkum. Í öllum aldursflokkum karla skal leikið með venjulegum körfubolta (nr. 7) nema í 7. aldursflokki karla skal leikið með minnibolta (nr. 5) og í 8. aldursflokki karla skal leikið með kvennabolta (nr. 6). Í öllum flokkum kvenna skal leikið með kvennabolta (nr. 6) nema í 8. aldursflokki kvenna skal leikið með minnibolta.

PINGSKJAL NR. 16**Tillaga nr. 2. Breyting á 7. grein.**

...Öllum leikmönnum yngri....reglugerðar um körfuknattleiksmót.
 Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafnmarga leiki í 7. sæti er ekki heimilt að nota einn þeirra í 1. aldursflokki. Þó er öðrum en 5 leikjahæstu leikmönnum í 2. deild karla heimilt að leika með 1. flokki.

Samþykkt**PINGSKJAL NR. 17.****Tillaga nr. 3. Breyting á 10. grein.**

Lagt er til að breyting verði gerð þannig að í stað þess að fjölliðamót fari fram í nóvember til apríl þá hljóði hún þannig:

Keppni þessi skal fara fram á tímabilinu október til apríl.

Nefndin leggur til að tillaga Sigurðar Hjörleifssonar um að halda skuli úrslitakeppni í stúlknaflokkni verði samþykkt.

ii) Ef leikið er í fleiri en einum riðli þá er það lið Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli síðustu umferðar nema í drengjaflokk, stúlknaflokk, unglingsflokk kvenna, 10. flokki drengja og 9. flokki drengja. Þar skal leikin úrslitakeppni....

Í 8. og 7. aldursflokki karla og í 8. aldursflokki kvenna er einungis heimilt að leika maður á mann vörn en á eigin sóknarhelmingi er þó heimilt að leika hvaða vörn sem er.

Samþykkt**PINGSKJAL NR. 18.****Tillaga nr. 4. Breyting á 10. grein.**

..4) Ef fjöldi liða er 13 ... er Íslandsmeistari. Stjórn KKÍ skal standa fyrir sérstakri keppni í 1. aldursflokki karla og kvenna verði þátttaka næg.

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 19.**Tillaga nr. 6 (breyting á 15. grein)**

Grein þessi fjallar um Bikarkeppni KKÍ, sem haldin er í eftirtöldum flokkum: ..

...Lið nr. 1 leikur við lið nr. 2... Það lið sem sigrar kemst áfram í næstu umferð. Þau lið sem taka þátt í Bikarkeppni 1. aldursflokk karla og keppa um 6 lausu sætin skulu byrja á því að taka þátt í svæðisskiptri bikarkeppni. Svæðin skulu vera 4. Vestfirðir/vesturland, Reykjanes/Reykjavík/Suðurland, Norðurland og Austurland. Á hverju þessara svæða skal leika með bikarkeppnisfyrirkomulagi uns eitt lið er eftir á hverju svæði, nema í Reykjanes/Reykjavík/Suðurland svæðinu, þar skal leika uns þjú lið eru eftir. Mótanefnd KKÍ er heimilt að fjlga eða fækka svæðum og breyta þeim fjölda liða sem kemst úr hverju svæði í 16 liða úrslitin ef ástæða þykir til vegna þátttöku.

Lið sem mætir ekki til leiks í bikarkeppni án gildra ástæðna að mati mótanenfdar fellur samstundis úr keppni....

Samþykkt**ÞINGSKJAL NR. 20**

Breyting á 14 grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

1. Fremst í reglugerðina kemur:

Mótanefnd KKÍ er heimilt að taka ákvörðun um frestun leiks vegna óveðurs, sjúkdómsfaraldurs eða af öðrum gildum ástæðum.

2. síðasta málsgrein reglugerðarinnar hljóðar svo:

Þurfi að endurtaka leik, hafa þeir einir rétt til þátttöku sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn.

Málsgreinin breytist þannig:

Þurfi að endurtaka leik, eða hafi leik verið frestað, hafa þeir einir rétt til þátttöku sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflegan leikinn.

Greinargerð:

1. Eðlilegt hlýtur að teljast að mótanefnd hafi heimild til að fresta leik vegna ofangreindra ástæðna.

2. Hér er verið að skýra nánar hvað átt er við með reglugerðinni. KKÍ hefur skilið upphaflegu reglugerðina þannig að endurtekning á leik eigi líka við um leik sem hefur þurft að fresta vegna veðurs eða annara orsaka. Þessi breyting er gerð til að taka af öll tvímæli.

Stjórn KKÍ

Samþykkt

PINGSKJAL NR. 21.

Breytingartillaga við grein 15 í reglugerð um körfuknattleiksmót.

...Val á liðum í laust sætin í sextán liða úrslitum í 1. aldursflokki og í síðari umferðum keppninnar, svo og í yngri flokkum, fer þannig fram að dregið er um það hvaða lið leika saman, Draga skal til skiptis þau tvö lið er leika saman, 1 og 2, 3 og 4 o.s.frv. Fær það lið, sem fyrr er dregið, heimaleik. Það lið, sem sigrar kemst áfram í næstu umferð. ...

Í 1. aldursflokki karla og kvenna skal úrslitaleikurinn fara fram í íþróttahöllinni í Laugardal nema þau lið, sem keppa til úrslita komi sér saman um annað í samráði við mótanefnd. Í öðrum flokkum skal úrslitaleikurinn fara fram á hlutlausum velli...

Laga og leikreglnanefnd KKÍ

Samþykkt.

ÞINGSÁLYKTUN NR. 1

33. ársþing KKÍ haldi í Keflavík 7. - 9. maí samþykkir að greiðslur til erlendra leikmanna í úrvalsdeild fari ekki yfir 2000 dollara í úrvalsdeild og ekki yfir 1500 dollara í 1. deild.

Ingvar Kristinsson

Samþykkt

ÞINGSÁLYKTUN NR. 2.

Ársþing KKÍ haldið í Keflavík 1993 ályktar að beina þeim tilmælum til stjórnar og mótanefndar KKÍ að þessir aðilar hlutist til um, að við framkvæmd keppnishalds í minnibolta 10 ára og yngri skuli fara fram keppni í einstökum árgöngum 7 - 10 ára karla og kvenna ef þátttaka er næg. Jafnframt skuli tímasetningar keppnishalds getið í mótabók KKÍ á sama hátt og gildir um önnur fjölliðamót.

Samþykkt

ÞINGSÁLYKTUN NR. 3.

Ársþing KKÍ haldið í Keflavík 1993 ályktar að beina þeim tilmælum til stjórnar KKÍ að hún skipi nefnd, sem endurskoði reglugerð um körfuknattleiksmót og móti heildartillögur í því efni, sem lagðar verði fram fyrir næsta ársþing Körfuknattleikssambands Íslands.

Samþykkt

ÞINGSÁLYKTUN NR. 4.

Ársþing KKÍ haldið í Keflavík 1993 ályktar að beina þeim tilmælum til mótanefndar og stjórnar KKÍ að hún hafi forgöngu um að hleypa af stokkunum B - keppni (fjölliðamót) í öllum yngri aldursflokkum ef næg þátttaka fæst. Slik B - keppni yrði landshlutakeppni og í henni tækju þátt b-lið, c-lið o.s.frv. frá þeim félögum, sem möguleika hafa á því að senda fleiri en eitt lið til keppni í hverjum aldursflokki. Keppnin fari fram næstu helgi á eftir að a-liðin (A - keppnin) í viðkomandi aldursflokki hafi leikið í fjölliðamóti. Jafnframt verði b -, eða c - liðum o.s.frv. ekki heimilt að taka þátt í keppni a - liða (A-keppninni) nema gildar ástæður komi til. Leikmenn, sem leikið hafa með a - liði helgina á undan eru ekki gjaldgengir í B-keppninni.

Samþykkt

